

- ÁN TRÚNAÐARUPPLÝSINGA -

MARS 2025

**TILKYNNING UM SAMRUNA SAMKAUPA HF. OG
ATLÖGU EHF.**

SAMRUNASKRÁ

Í samræmi við ákvæði 5. mgr. 17. gr. a. samkeppnislaga nr. 44/2005, með síðari breytingum (hér eftir „**skl.**“ eða „**samkeppnislög**“) sbr. reglur nr. 1390/2020 um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum og viðauka I við þær, er Samkeppniseftirlitinu hér með tilkynnt um fyrirhugaðan samruna félaganna Samkaup hf. og Atlaga ehf. Skrá þessi er tekin saman af Deloitte Legal ehf. og BBA Fjeldco ehf. fyrir hönd samrunaaðila.

Óskað er eftir því að farið verði með upplýsingar sem auðkenndar eru með hornklofa og fylgiskjöl (þ.m.t. hjálagðan samrunasamning) sem trúnaðarmál sbr. 17. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og 16. gr. málsmeðferðarreglna Samkeppniseftirlitsins nr. 880/2005, hvort sem er á milli samrunaaðila sjálfra eða út á við, vegna viðskiptalegs eðlis þeirra og hagsmuna aðila.

Þá er jafnframt sent meðfylgjandi afrit án trúnaðarupplýsinga. Kjósi Samkeppniseftirlitið að setja sig í samband við viðskiptavini og birgja samrunaaðila í tengslum við rannsókn þess samruna sem hér er tilkynntur, óska samrunaaðilar eftir því að tengiliður þeirra fái upplýsingar um það samhliða vegna viðkvæms eðlis viðskiptasambanda og mikilvægi þessara sambanda í rekstri samrunaaðila.

Allar upplýsingar sem veittar eru í skrá þessari eru réttar og fullnægjandi eftir bestu vitund samrunaaðila.

EFNISYFIRLIT

1	Stutt lýsing samruna	1
2	Grunnupplýsingar um samrunaaðila	1
3	Upplýsingar um samrunann.....	3
4	Eignarhald og yfirráð.....	11
5	Persónuleg og fjárhagsleg tengsl og fyrri yfirtökur.....	14
6	Skilgreiningar á mörkuðum.....	16
7	Upplýsingar um markaði þar sem áhrifa gætir	25
8	Almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir	41
9	Áhrif á neytendur og milliliði	48
10	Viðbótartakmarkanir.....	51
11	Yfirlýsing.....	51
12	Fylgiskjöl.....	52

1 STUTT LÝSING SAMRUNA

1. Samrunatilkynning þessi varðar fyrirhugaðan samruna Samkaupa hf., kt. 571298-3769, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ („**Samkaup**“) og Atlögu ehf., kt. 430910-0190, Hagasmára 1, 201 Kópavogi (áður Heimkaup ehf. og hér eftir „**Heimkaup**“). Snemma árs 2024 óskaði SKEL fjárfestingarfélag hf., kt. 590269-1749, Kalkofnsvegi 2, 101 Reykjavík („**SKEL**“) eftir könnunarviðræðum um fýsileika samruna Samkaupa og tiltekinna dótturfélaga SKEL, nánar tiltekið Heimkaup, og Orkunnar IS ehf., kt. 680319-0730, Fellsmúla 28, 108 Reykjavík („**Orkan**“), ásamt dótturfélögum framgreindra aðila, Lyfjaval ehf., kt. 580713-1140, Álfheimum 74, 104 Reykjavík („**Lyfjaval**“) og Löður ehf., kt. 580912-0280, Fellsmúla 28, 108 Reykjavík („**Löður**“).
2. Brugðið hefur verið út af þeim áformum og komust stjórnir Samkaupa og Heimkaupa að samkomulagi um að sameina Samkaup og Heimkaup, án Orkunnar, Lyfjavals og Löðurs, með félagaréttarlegum samruna með þeim hætti að Heimkaupum verði slitið án skuldaskila og algerlega sameinað Samkaupum (samruni með yfirtöku) undir nafni og kennitölu Samkaupa, sbr. 119. gr. laga nr. 2/1995 um hlutafélög („**lög um hlutafélög**“ eða „**hfl.**“) og 94. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög („**lög um einkahlutafélög**“ eða „**ehfl.**“).
3. Nánari upplýsingar um viðskiptin: Við samrunann fá hluthafar í Heimkaupum eingöngu hlutabréf í Samkaupum í skiptum fyrir hlutafé sitt í Heimkaupum. Við ákvörðun [

]¹

Hluthafar Heimkaupa munu fá afhent hlutabréf í Samkaupum á framangreindu gengi og m.v. endanlegt hlutafjárvirði Heimkaupa („**viðskiptin**“).

4. Ráðgjafar samrunaaðila, Deloitte ehf., Fossar fjárfestingarbanki hf., KPMG ehf. og BBA Fjeldco ehf., hafa framkvæmt áreiðanleikakannanir og haft aðgang að fjárhagslegum upplýsingum um samrunaaðila. Öll framangreind vinna var framkvæmd á grundvelli gagna afhentra skv. trúnaðarfyrirkomulagi (e. *clean team*) í samræmi við ákvæði samkeppnislaga, þar sem tryggt var að samrunaaðilar hefðu ekki aðgang að samkeppnisréttarlega viðkvæmum upplýsingum um gagnaðila.
5. Markmið samrunans er að auka hagkvæmni, styrkja markaðshlutdeild og skapa sterkari keppinaut á dagvörumarkaði.

2 GRUNNUPPLÝSINGAR UM SAMRUNAAÐILA

2.1 Aðilar samrunans

6. Aðilar samrunans eru eftirfarandi:

Samkaup hf., kt. 500683-0589, Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ („**Samkaup**“); og

Atlaga ehf., kt. 430910-0190, Hagasmára 1, 201 Kópavogi („**Heimkaup**“);

7. Saman kann að vera vísað til Samkaupa og Heimkaupa sem „**samrunaaðila**“.

¹ Trúnaðarmál

2.2 Tengiliðir

8. Tengiliðir Samkaupa gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans eru:

Þórdís Bjarnadóttir
Dalvegi 30, 201 Kópavogi
580-3454 // 866-1724
tbjarnadottir@deloitte.is

Lovísa Anna Finnbjörnsdóttir
Dalvegi 30, 201 Kópavogi
580-3301 // 770-4942
lovisa.anna.finnbjornsdottir@deloitte.is

9. Tengiliðir Heimkaupa gagnvart Samkeppniseftirlitinu vegna samrunans eru:

Brynjar Freyr Garðarsson
Katrínartúni 2, 19. hæð, 105 Reykjavík
550-0535 // 893-4466
brynjar@bbafjeldco.is

2.3 Starfsemi samrunaaðila

2.3.1 Heimkaup

10. Heimkaup er dótturfélag SKEL. SKEL er fjárfestingafélag, skráð á aðalmarkað Nasdaq Nordic Iceland, sem leggur áherslu á þróun nýrra tækifæra með félögum í fjölbreyttu eignasafni. Þá stundar félagið lána- og fjárfestingastarfsemi og sinnir öðrum atvinnurekstri eða tekur þátt í honum samkvæmt ákvörðun félagsstjórnar. Skráður tilgangur félagsins er að starfa sem fjárfestingafélag, þ.e. að ávaxta fé sem hluthafar hafa bundið í starfseminni með fjárfestingum. Eignarhald SKEL er dreift en fjöldi hluthafa voru 1.029 í lok árs 2023. Stærsti hluthafi SKEL er Strengur hf. með 51,5% eignarhlut. Aðrir hluthafar eiga allir minna en 10% í félaginu. Hægt er að nálgast yfirlit yfir 20 stærstu hluthafa á vefsíðu SKEL. Listinn er uppfærður reglulega.²

11. Starfsemi Heimkaupa snýr aðallega að rekstri dagvöruverslana en Heimkaup rekur verslanir undir vörumerkjum 10-11, Extra, þrjár verslanir í eigu Heimkaupa eru reknar á eldsneytisstöðvum Orkunnar, og þá rekur Heimkaup nýstofnuðu lágvöruverðsverslunina Prís. Nánar tiltekið rekur Heimkaup þrjár matvöru- og þægindavöruverslanir undir merkjum **10-11**. Tvær verslananna eru í miðborg Reykjavíkur, annars vegar á Laugavegi 116 og hins vegar í Austurstræti 17 Reykjavík. Þriðja verslunin er staðsett á Keflavíkurflugvelli, [

].³ Verslanirnar eru í anda „kaupmannsins á horninu“ og eru ferðamenn stærstur hluti viðskiptavina. Þá eru einnig þrjár verslanir undir merkjum **Extra**; í Reykjavík, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Extra verslanirnar eru stærri í sniðum en 10-11 og [

].⁴ Á tveimur **eldsneytisstöðvum** Orkunnar á höfuðborgarsvæðinu, n.t.t. á Vesturlandsvegi og á Dalvegi 20, rekur Heimkaup tvær verslanir sem selja dagvörur í takmörkuðum mæli. Til viðbótar er ein slík verslun í rekstri Heimkaupa á eldsneytisstöð Orkunnar á Fitjum í Reykjanesbæ. Þá stofnaði Heimkaup lágvöruverðsverslunina **Prís** á Smáratorgi 3, 201 Kópavogi um miðjan ágúst 2024. Einkunnarorð verslunarinnar eru að vera ódýrasta verslunin fyrir matvöru og dagvöru á smásölumarkaði.

² Sjá hér: <https://skel.is/hluthafar/staerstu-hluthafar>

³ Trúnaðarmál.

⁴ Trúnaðarmál.

12. Heimkaup rekur einnig netverslun með matvöru, áfengi, snyrtivörur, spil og leikföng, gæludýravörur, barnavörur, heimilisvörur, unaðsvörur, rafbækur og nikótínvörur. Boðið er upp á heimsendingu á höfuðborgarsvæðinu innan fjörutíu mínútna með fyrirtækinu Wolt, póstsendingar með fyrirtækinu Dropp, sem og sendingar með fyrirtækinu Pikkoló sem býður upp á kældar sjálfsafgreiðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir geta einnig sótt vörurnar í sjálfsafgreiðslustöðvar Pikkoló þegar þeim hentar, eða á skrifstofur Heimkaupa í Faxafeni 14. Þá er einnig hægt að fá vörur Heimkaupa sendar í póstbox með Póstinum um land allt eða með heimsendingu í umsjá Póstsins.

2.3.2 Samkaup

13. Samkaup reka 61 smásöluverslanir víðsvegar um landið, allt frá lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum til þægindavöruverslana. Hjá félaginu starfa um 1.450 starfsmenn í rúmlega 700 stöðugildum. Skráður tilgangur Samkaupa er rekstur almennra dagvöru- og smásöluverslana og annað sem þeirra starfsemi tilheyrir. Fjöldi hluthafa var 104 í maí 2024, sbr. fylgiskjal 3.
14. Samkaup reka matvöruverslanir undir vörumerkjum Nettó, Krambúðin, Kjörbúðin og Iceland. Samkaup eiga og reka eitt stærsta vildarkerfi á dagvörumarkaði með um 90.000 meðlimi, svokallaða Vildarvini. Vildarvinir fá fasta 2% inneign af öllum sínum innkaupum og aðgang að sértílbodum vikulega. Samkaup flytja inn fjöldann allan af eigin vörumerkjum, s.s. Coop, Xtra, Änglmark, Iceland, Eatme, Maku og fleiri. [

]⁵

15. **Nettó** er lágvöruverðsverslun með 21 útibú á höfuðborgarsvæðinu og víðsvegar á landsbyggðinni. Nettó var fyrsta lágvöruverðsverslunin til að opna netverslun á Íslandi, í september 2017.
16. **Iceland** er með 3 verslanir á höfuðborgarsvæðinu og er ein þeirra, verslunin í Staðarbergi 2-4, 221 Hafnarfirði, opin allan sólarhringinn. Tveimur Iceland-verslunum hefur nýlega verið breytt í Nettó-verslanir og stefnt er að því að halda þeirri umbreytingu áfram.⁶
17. Reknað eru 21 verslanir undir merkjum **Krambúðarinnar** víðsvegar um landið og þar af eru 11 slíkar verslanir á höfuðborgarsvæðinu. Verslanir Krambúðarinnar eru þægindavöruverslanir sem bjóða upp á fljótlega næringu og tiltölulega takmarkað vöruúrval. Krambúðin hefur hafið heimsendingar, í gegnum netpantanir, á smávöru með fyrirtækinu Wolt á völdum stöðum á höfuðborgarsvæðinu.
18. Verslanir **Kjörbúðarinnar**, sem eru 16 talsins, eru aðeins á landsbyggðinni. Kjörbúðin býður almennt upp á víðtækara úrval dagvöru en Krambúðin, og telst því til stórmarkaðar að mati Samkaupa, og er markmiðið að gera viðskiptavinum kleift að versla daglegar nauðsynjar á samkeppnishæfu verði.

3 UPPLÝSINGAR UM SAMRUNANN

3.1 Nákvæmar upplýsingar um aðdraganda samrunans

19. Snemma árs 2024 óskaði SKEL eftir könnunarviðræðum um fýsileika samruna Samkaupa og

⁵ Trúnaðarmál.

⁶ <https://www.visir.is/g/20232434435d/verslanir-iceland-munu-bratt-heyra-sogunni-til-a-is-landi>

tiltekinna dótturfélaga SKEL (sem nú er samstæða Heimkaupa). Nánar tiltekið var um að ræða Heimkaup, Orkuna, Lyfjaval og Löður sem yrðu hluti af hinu sameinaða félagi Samkaupa. Könnunarviðræðurnar voru einkaviðræður á milli SKEL og Samkaupa og skuldbundu félögin sig til að ræða ekki við aðra aðila á sama tíma. Komist var að samkomulagi um framhald á könnunarviðræðum SKEL og Samkaupa þann 22. mars 2024 og voru viðræðurnar framlengdar til 15. maí 2024. Í aðdraganda viðræðna aðila var lagt mat á möguleg samlegðaráhrif fyrirhugaðs samruna, sem ráðgjafar unnu á grundvelli afhentra gagna í lokuðu gagnaherbergi í samræmi við ákvæði samkeppnislaga. [

] ⁷

20. Samkaup og SKEL undirrituðu viljayfirlýsingu um sameiningu, dags. 15. maí 2024 og hófu í kjölfarið framkvæmd fjárhagslegra, skattalegra og lögfræðilegra áreiðanleikakannana á þeim félögum sem var fyrirhugað að sameina, sem lauk þann 3. júlí 2024. Þar sem samrunaaðilar eru fyrir viðskiptin taldir keppinautar var gætt að því að engum samkeppnislega viðkvæmum gögnum eða upplýsingum væri miðlað milli aðila og var notast við sérstakt upplýsingateymi vegna samrunans (e. *clean team*). Í kjölfar áreiðanleikakannanna áttu sér stað frekari samningaviðræður, og undirrituðu samrunaaðilar viðauka við viljayfirlýsinguna, dags. 21. ágúst 2024 sem kvað á um breytingar á skiptihlutföllum og forsendum verðleiðréttingar. Í kjölfar þess ákváðu stjórnir samrunaaðila að hefja undirbúning bindandi samrunasamningi sem hefði að geyma helstu skilmála og forsendur samrunans.
21. Þann 30. október 2024 var hins vegar ákveðið af hálfu samrunaaðila að falla endanlega frá samrunaviðræðum á framangreindum forsendum.
22. Undir lok árs 2024 hófu samrunaaðilar samrunaviðræður á ný með breyttu sniði um mögulega sameiningu Samkaupa og Heimkaupa, án Orkunnar, Lyfjaval og Löðurs, og undirrituðu samrunaaðilar samkomulag um helstu skilmála þess efnis þann 12. desember 2024 („**samkomulagið**“).
23. Nánar tiltekið er fyrirhugað að sameina Samkaup og Heimkaup með félagaréttarlegum samruna með þeim hætti að Heimkaupum verði slitið án skuldaskila og algerlega sameinað Samkaupum (samruni með yfirtöku) undir nafni og kennitölu Samkaupa, sbr. 119. hfl., sbr. 94. gr. ehfl. Verslanir Prís, Extra og 10-11 yrðu því reknar í kjölfarið undir kennitölu hins sameinaða félags, ásamt því að dótturfélög Heimkaupa, W101 ehf., Heimkaup ApS yrðu í eigu Samkaupa í kjölfar samrunans. Heimkaup á jafnframt 22,8% eignarhlut í Clippers ehf. sem myndi færast yfir til Samkaupa við samrunann.
24. Áður en til samruna kemur verður eignarhlutur Heimkaupa í Lyfjaval framseldur frá Heimkaupum og mun ekki verða hluti af eignum sameinaðs félags. Þá hefur eignarhlutur Heimkaupa í Brauð og Co ehf. nú þegar verið framseldur til SKEL og mun jafnframt ekki vera hluti af eignum hins sameinaðs félags. Lyfjaval, Orkan og dótturfélag þess Löður verða þ.a.l. ekki undir eignarhaldi Heimkaupa né hluti af sameinuðu félagi.
25. Þann 20. febrúar 2025 undirrituðu samrunaaðilar samrunasamning sem hefur að geyma helstu skilmála og skilyrði fyrir samruna samrunaaðila. Afrit af samrunasamningi er afhent samhliða samrunaskrá þessari, sbr. fylgiskjal 1a⁸ („**samrunasamningurinn**“). Við samrunann fá hluthafar í Heimkaupum eingöngu hlutabréf í Samkaupum í skiptum fyrir hlutafé sitt í Heimkaupum. [

⁷ Trúnaðarmál.

⁸ Trúnaðarskjal

] ⁹ Hluthafar Heimkaupa munu fá afhent hlutabréf í Samkaupum á framangreindu gengi í fyrirhuguðum samruna og m.v. hlutafjárvirði á uppgjörssdegi, a.t.t. til hugsanlegrar leiðréttinga á hlutafjárvirði Heimkaupa.

26. Samruninn er háður tilteknum skilyrðum [

] ¹⁰

27. [

] ¹¹

28. [

] ¹²

29. [

] ¹³

30. Fyrirhugað er að hlutabréf sameinaðs félags verði tekin til viðskipta á aðalmarkað Nasdaq Iceland í samræmi við samkomulag og vilja hluthafa.

⁹ Trúnaðarmál

¹⁰ Trúnaðarmál.

¹¹ Trúnaðarmál.

¹² Trúnaðarmál.

¹³ Trúnaðarmál.

3.2 Nákvæmar upplýsingar um tilgang og markmið samrunans

31. Tilgangur samrunans er að efla rekstur samrunaaðila og hámarka skilvirkni, m.a. með öflugri innkaupum sem gerir samrunaaðilum kleift að bjóða neytendum betur í verðum og þjónustu. Þar með eykst samkeppni á mikilvægum mörkuðum, en samrunaaðilar telja að í samrunanum felist mikil tækifæri til að bæta rekstur og skerpa á samkeppnishæfni í dagvöru. Stærri samstæða réttlætir fjárfestingar á borð við miðlægt vöruhús sem eflir innkaup, bætir rekstrarhagkvæmni, minnkar sóun og eykur flutningsnýtingu, sbr. nánari umfjöllun í kafla 9.
32. Á dagvörumarkaði eru í dag tvær mjög öflugar samstæður sem keppast við að auka samkeppnisforskot sitt og hefur ætlunarverkið gengið vel að mati samrunaaðila. Samstæðurnar búa yfir gífurlegri stærðarhagkvæmni og hafa með slíkri hagkvæmni náð að leggja mikið fjármagn í aukna skilvirkni í rekstri. Þar að auki hefur mikið fjármagn verið nýtt til þess að setja upp mikinn fjölda verslana og þar með útiloka aðra keppinauta frá staðsetningum (e. „*space blocking*“). [
-] ¹⁴ [

] ¹⁵ [

] ¹⁶ Sameinað félag stefnir að því að verða öflugur keppinautur við Festi og Haga á dagvörumarkaði og í því skyni má gera ráð fyrir að horft verði til þess hvaða vörumerki samrunaaðila henti hvaða staðsetningu hverju sinni.

33. Samrunaaðilar telja samrunann jákvæðan fyrir samkeppni þar sem hann gerir þeim kleift að veita stóru aðilunum á markaði aukinn samkeppnisþrýsting, sem leiðir til lægri vöruverðs og meiri hagræðingar í rekstri.
34. [

] ¹⁷

¹⁴ Trúnaðarmál.

¹⁵ Trúnaðarmál.

¹⁶ Trúnaðarmál.

¹⁷ Trúnaðarmál

3.3 Eðli samrunans

35. Með samrunanum verða Heimkaup og Samkaup sameinuð með þeim hætti að Heimkaupum verði slitið án skuldaskila og algerlega sameinað Samkaupum (samruni með yfirtöku) undir nafni og kennitölu Samkaupa, svokallaður félagaréttarlegur samruni í samræmi við ákvæði XIV. kafla hfl. og ehfl. Um félagaréttarlegan samruna er því að ræða og m.v. upphafsdag samruna þann 1. janúar 2025.
36. Í kjölfar undirritunar samrunasamnings aðila er fyrirhugað að stjórnir Samkaupa og Heimkaupa fjalli um og samþykki fyrirhugaðan samruna félaganna á grundvelli XIV. kafla laga um hlutafélög og XIV. kafla laga um einkahlutafélög. Í kjölfarið verður send tilkynning til fyrirtækjaskrár Skattsins í samræmi við 123. gr. hfl. og 98. gr. ehfl. Félagaréttarlegur samruni kemur ekki til framkvæmda fyrr en hann hefur verið staðfestur af hluthafafundum samrunaaðila, sem getur fyrst orðið mánuði eftir að fyrirtækjaskrá hefur látið birta samrunaáætlun í Lögbirtingarblaði, og síðasta lagi fjórum mánuðum eftir þá birtingu.
37. Verði samruninn samþykktur af Samkeppniseftirlitinu og að liðnum ofangreindum frestum, mun samruninn vera borinn undir hluthafafund Heimkaupa en samkvæmt 99. gr. ehfl. tekur hluthafafundur ákvörðun um samruna í yfirteknu félagi. Þá mun samruninn vera borin undir hluthafafund Samkaupa í samræmi við 2. mgr. 124. gr. hfl., enda felur samruninn í sér breytingar á samþykktum Samkaupa, sem yfirtökufélags, sem krefjast samþykkis hluthafafundar. Eins og áður sagði kemur félagaréttarlegur samruni ekki til framkvæmda fyrr en við staðfestingu hluthafafunda.
38. Efnahags- og fjárhagsleg uppbygging hins sameinaða félags, þegar samruninn hefur komið til framkvæmda, mun vera þannig að allar eignir og allar skuldbindingar Heimkaupa verða skuldbindingar Samkaupa. Samkvæmt 2. mgr. 121. gr. hfl. og 2. mgr. 96. gr. ehfl. skal gerður endurskoðaður efnahags- og rekstrarreikningur hvers samrunafélags sem sýnir allar eignir og skuldir í hvoru félagi fyrir sig, þær breytingar sem álitíð er að samruninn muni hafa í för með sér og drög að upphafsefnahagsreikningi yfirtökufélagsins. Byggt verður á endurskoðuðum ársreikningum félaganna vegna rekstrarársins 2024 við gerð framangreinds uppgjørsreiknings, sem tekur mið af fjárhagsstöðu félaganna 31. desember 2024. Upphafsefnahagsreikningurinn miðar við 1. janúar 2025, sem er upphafsdagur samrunans.

3.3.1 Mikilvægir áfangar

39. Samruninn er háður tilteknum skilyrðum sem fram koma í samrunasamningnum, sbr. umfjöllun í kafla 3.1. Hér að neðan eru áætlaðar lykildagsetningar í viðskiptunum miðað við áætlaða tímalínu samrunaaðila:
- a. Samrunasamningur undirritaður - [dags.] („T“)
 - b. Samruni tilkynntur til SE: T + 3 virkir dagar.
 - c. Gerð og frágangur uppgjørsreikninga og upphafsefnahagsreiknings: T + [15] virkir dagar
 - d. Undirritun samrunaáætlunar og tilkynning til fyrirtækjaskrár: T + [25] virkir dagar
 - e. Lok fyrsta fasa rannsóknar hjá SE: T + [28] virkir dagar
 - f. Hluthafafundir haldnir hjá Heimkaupum og Samkaupum: T + [60] virkir dagar
 - g. Fyrirtækjaskrá tilkynnt um lok samruna: T + [60] virkir dagar (þarf að berast tilkynning fyrir 31. desember 2025).

40. Framangreind tímalína byggir á þeirri forsendu að rannsókn fyrirhugaðs samruna muni ljúka í fyrsta fasa. Samrunaaðilar áætla að senda fyrirtækjaskrá Skattsins afrit af samrunaáætlun, ásamt nauðsynlegum fylgiskjöllum í beinu framhaldi þess að uppgjørsreikningar samrunaaðila og upphafsefnahagsreikningur sameinaðs félags liggur fyrir, en unnið er að þeim uppgjørsreikningi í kjölfar þess að ársreikningar samrunaaðila hafa verið samþykktir. Fyrirtækjaskrá birtir tilkynningu um fyrirhugaðan samruna í Lögbirtingarblaði en í fyrsta lagi mánuði og síðasta lagi 4 mánuðum eftir birtingu tilkynningar er hægt að halda hluthafafund til staðfestingar á samrunanum. Með því að tilkynna samrunann til fyrirtækjaskrár á meðan rannsókn samkeppniseftirlitsins er lokið. Í kjölfar loka samrunarannsóknarinnar munu samrunaaðilar boða til hluthafafunda með þeim boðunarfrestum sem lög og samþykktir kveða á um. Hluthafafundir staðfesta endanlega félagaréttarlegan samruna og tekur samruninn gildi við samþykki hluthafa en kemur til framkvæmda m.v. 1. janúar 2025.
41. Fyrirhugaður samruni samrunaaðila miðar við uppgjörsdag þann 31. desember 2024 og upphafsdag samruna þann 1. janúar 2025. Samkvæmt ákvæðum samrunasamnings aðila skulu skilyrði samrunans, utan samþykkis hluthafafunda fyrir lok samruna, vera uppfyllt eigi síðar en 30. júní 2025.
42. Samrunaaðilar telja nauðsynlegt að hefja rekstrarlega sambættingu félaganna sem fyrst og að tafir á framkvæmd samrunans geti skaðað hið sameinaða félag fjárhagslega. Samrunaaðilar hafa verið í verulega krefjandi rekstraraðstæðum síðustu misseri en áætlað tap Samkaupa á síðasta rekstraári nemur um []¹⁸ og áætlað tap Heimkaupa á árinu 2024 nemur um []¹⁹. Í upphafi árs juku hluthafar Samkaupa hlutfé í félaginu um 1 ma.kr. til að styrkja eiginfjárstöðu félagsins til skamms tíma. Því er brýn þörf á frekari rekstralegum aðgerðum til að ná fram frekari hagræðingu í rekstri félaganna. Samlegðaráhrif af samrunanum spilar lykilhlutverk í að ná fram aukinni hagræðingu í rekstri samrunaaðila á þessu ári. Þar af leiðandi hyggjast samrunaaðilar sækja um undanþágu fyrir að framkvæma samrunann á grundvelli 4. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga.
43. Beiðni um undanþágu er afhent Samkeppniseftirlitinu samhliða samrunatilkynningu. Samrunaaðilar telja nauðsynlegt fyrir virka samkeppni á íslenskum dagvörumarkaði að hið sameinaða félag nái sem mestri hagkvæmni á sem skemmstum tíma. Þannig munu Samkaup ná að veita stóru félögunum á dagvörumarkaði aukna samkeppni, neytendum í hag. Með undanþágunni munu stjórnendur samrunaaðila hafa tök á að hefja undirbúning fyrir nauðsynlegar sambættingar aðgerðir sem þarf að grípa til strax, t.a.m. í mannauðsmálum, tæknimálum, innkaupum og fleira.
44. Samrunaaðilar munu ekki framkvæma félagaréttarlegasamrunann fyrr en Samkeppniseftirlitið hefur lokið samrunamálinu og munu því engar aðgerðir vera framkvæmdar sem eru óafturkræfar komi til veitingu framangreindrar undanþágu.

3.3.2 Eignarhald og yfirráð eftir samruna

45. Hluthafar Heimkaupa fá einvörðungu afhent hlutabréf í Samkaupum gegn afhendingu á hlutum í Heimkaupum. Þannig mun hluthafahópur Samkaupa taka breytingum í kjölfar samrunans. SKEL er stærsti hluthafi Heimkaupa fyrir viðskiptin og m.v. fyrirbyggjandi forsendur við gerð þessarar

¹⁸ Trúnaðarmál.

¹⁹ Trúnaðarmál.

tilkynningar er áætlað að SKEL fái afhent hlutabréf í Samkaupum sem samsvara []²⁰% eignarhlut í kjölfar samrunans. Fyrir á SKEL, í gegnum Eignarhaldfélagið Bjarma ehf., 6,19% eignarhlut í Samkaupum og í kjölfar samruna yrði því samanlagður eignarhlutur SKEL, beint og óbeint, um []% ²¹ Endanlegur eignarhlutur hluthafa Heimkaupa í Samkaupum mun ráðast af hlutafjárvirði Heimkaupa á uppgjörstegi.

3.3.3 Opínber fjárhagsaðstoð

46. Hvorugur samrunaaðila, eða dótturfélög þeirra, hefur þegið opinbera fjárhagsaðstoð í skilningi 1. mgr. 61. gr. EES-samningsins sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið.

3.4 Atvinnuvegir sem samruninn nær til

47. Þeir atvinnuvegir sem samruninn nær til samkvæmt ÍSAT skráningu samrunaaðila og dótturfélaga þeirra eru einna helst:

- a. Stórmarkaðir og matvöruverslanir, ÍSAT nr. 47.11.1 (Samkaup)
- b. Smásala póstverslana eða um netið, ÍSAT nr. 47.91.0 (Heimkaup)
- c. Heildverslun með drykkjarvörur, ÍSAT nr. 46.34.0 (Heimkaup)

48. Nánar verður fjallað um þá atvinnuvegi sem viðskiptin varða í kafla 6 þessarar samrunaskrár.

3.5 Kaupverð eða umfang eigna sem sameinaðar eru

49. Áætlað er að fyrir allt hlutfé í Heimkaupum muni hluthafar í Heimkaupum fá hlutabréf í Samkaupum að nafnvirði []²² eignarhlut í kjölfar samrunans. Fjöldi útgefinna hluta í Samkaupum er 431.506.343 m.v. dagsetningu samrunasamningsins.

50. Eins og áður hefur komið fram getur heildarvirði Heimkaupa tekið breytingum út frá []²³, sem getur haft áhrif á þann fjölda hlutabréfa sem hluthafar Heimkaupa fá í Samkaupum fyrir hluti sína í Heimkaupum.

3.6 Velta

51. Neðangreindar veltutölur eru fengnar úr ársreikningum samrunaaðila og samstæðufélaga þeirra. Endurskoðaðir ársreikningar fyrir árin 2023 og 2022 eru fylgiskjöl með samrunaskrá þessari. Ekki liggja fyrir ársreikningar allra samstæðufélaga vegna rekstrarársins 2024 og er því miðað við ársreikninga fyrri ára.

3.6.1 Velta Samkaupa

52. Heildarvelta Kaupfélags Suðurnesja svf. og dótturfélaga var kr. 42.573.509.000 árið 2023 (fylgiskjal 2b).

²⁰ Trúnaðarmál

²¹ Trúnaðarmál.

²² Trúnaðarmál

²³ Trúnaðarmál

53. Heildarvelta Samkaupa var kr. 42.340.958.000²⁴ árið 2023 (fylgiskjal 2d).

3.6.2 Velta Heimkaupa og tengdra aðila

54. Heildarvelta Heimkaupa var kr. 4.158.517.000 árið 2023 (fylgiskjal 2j).

3.7 Ávinningur, samlegðaráhrif og viðskiptalegar forsendur samrunans

55. Ráðgjafar samrunaaðila hafa lagt mat á möguleg samlegðaráhrif fyrirhugaðs samruna, sem ráðgjafar unnu á grundvelli gagna afhentra í lokuðu gagnaherbergi. Niðurstaðan er að áætluð samlegðaráhrif fyrirhugaðs samruna geti numið allt að []²⁵

56. Samlegðaráhrif samrunans fela m.a. í sér lækkun kostnaðarverðs á matvöru á næstu árum, lækkun stjórnendakostnaðar, fækkun yfirstjórnenda, fækkun vörumerkja, samnýtingu og samlegð í aðkeyptri þjónustu og betri nýting á starfsfólki. Þá reka samrunaaðilar netverslanir sem hægt er að sameina og væri hægt að fjárfesta í miðlægu vöruhúsi sem myndi efla innkaup samstæðunnar og bæta hagkvæmni í rekstri til lengra tíma. Slíkt myndi bæta aðfangakeðju, minnka sóun og auka nýtingu í flutningi. Ekki hefur verið lagt mat á hvað slík fjárfesting myndi spara í kostnaði enda ljóst að um langtímaverkefni væri að ræða. Var það mat ráðgjafa samrunaaðila að um sé að ræða töluverða innkaupasamlegð fólgni í því að Samkaup og Heimkaup tilheyri sömu samstæðu þá væri jafnframt hægt að nýta dreifinet Samkaupa til að efla afhendingu á vörum í gegnum netverslanir.

57. [

] ²⁶

58. Einnig sjá samrunaaðilar fram á samlegðaráhrif í rekstrarkostnaði skrifstofa. Með sameiningu samrunaaðila er gengið út frá því að þessi kostnaður lækki töluvert. []²⁷

59. Samkaup reka stærsta og mest nýtta vildarkerfi á dagvörumarkaði. Mikil tækifæri eru því í að þróa fjölnota vildarkerfi þar sem viðskiptavinir njóta góðs af viðskiptum við fyrirtæki innan samstæðu. Með nýjum og öflugri keppinaut á dagvörumarkaði, sem öðlast getu til að stunda eigin innflutning og reka eigin vöruhúsastarfsemi, er hægt að veita turnunum tveimur, Högum og Festi, verulegt samkeppnisaðhald [

] ²⁸

60. Samrunaaðilar telja skilyrði um hagræðingu út frá samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum uppfyllt, þ.e. að slíkar hagræðingar í rekstri nást ekki án sameiningar og eru það neytendur sem njóta

²⁴ Tekið skal fram að umræddar tölur endurspeglar rekstur Samkaupa og veltu félagsins samkvæmt ársreikningum þess. Velta eigenda félagsins, t.a.m. Kaupfélags Skagfirðinga, er ekki tekin með í heildarveltu Samkaupa.

²⁵ Trúnaðarmál.

²⁶ Trúnaðarmál.

²⁷ Trúnaðarmál.

²⁸ Trúnaðarmál.

ávinninga af slíkri hagræðingu með lægra vöruverði og bættu aðgengi. Þá verður ekki séð að samruninn komi niður á virkri samkeppni á mörkuðum samrunaaðila, heldur hafi hann þvert á móti jákvæð samkeppnisréttarleg áhrif þar sem (i) stærri markaðsöflum er veitt samkeppnislegt aðhald og (ii) sameinað félag mun hafa færi á því að bjóða neytendum lægra vöruverð og efla þ.a.l. samkeppni á dagvörumarkaði. Til nánar útskýringar á þessu liggur einnig fyrir greining á innkaupasamlegð, sbr. fylgiskjal 5²⁹, þar sem kemur fram að innkaupverð Prís muni lækka við sameiningu. Prís hefur boðið neytendum lægstu verðin á innlendum matvörumarkaði og er samruninn til þess fallinn að tryggja að Prís geti haldið áfram á slíkri vegferð. [

] ³⁰

61. Rekstur samrunaaðila hefur verið með tapi undanfarið vegna m.a. hækkandi rekstrarkostnaðar og mun áframhaldandi rekstur eðli málsins samkvæmt þvinga aðila til enn frekari álagningar til þess að auka framlegð til skammtíma og er alls óvíst hvort félögin yrðu rekstrarhæf samkvæmt þeim sviðsmyndum. Með þeim samlegðaráhrifum sem hér er lýst styrkist rekstrarumhverfi hins sameinaðs félags á markaðinum sem gefur sameinuðu félagi færi á markaðssókn með lækkun vöruverðs skv. meðfylgjandi rekstraráætlun til ársins 2028, sbr. fylgiskjal 6.³¹
62. Sameining félaganna leiðir því í ljós töluverðan ávinning og jákvæð áhrif á markaðinn, s.s. með lækunar á vöruverði í kjölfar hagræðingar og hagstæðari innkaupa, möguleikum á betri þjónustu og vöruúrvali, hagkvæmari dreifileiðum, ásamt því að veita markaðsöflum samkeppnislegt aðhald, neytendum að endingu til hagsbóta.

4 EIGNARHALD OG YFIRRÁÐ

4.1 Samkaup og tengdir aðilar

4.1.1 Fyrirtæki eða einstaklingar sem ráða yfir Samkaupum með beinum eða óbeinum hætti

63. Fyrir viðskiptin eru Samkaup að 51,31% hluta í eigu Kaupfélags Suðurnesja svf. Aðrir stærri hluthafar eru Kaupfélag Borgfirðinga svf. (9,69%), Birta lífeyrissjóður (18,09%), Festa – lífeyrissjóður (10,00%), Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf. (6,19%) og Byggðastofnun (2,50%). Aðrir hluthafar eiga á bilinu >0% til 1% hlutfjár en samtals eru hluthafar Samkaupa fyrir samrunann 103 talsins.

4.1.2 Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum Samkaupa eða tengdra aðila

64. Samkaup fer með meirihlutaeigu og bein yfirráð í nýstofnaða félaginu Eldum Gott ehf., kt. 641123-0640, Kvíslartungu 60, 270 Mosfellsbæ. Markmið félagsins er að þróa og breikka vörulínu Samkaupa með áherslu á tilbúna rétti, sem hægt er að fullleða heima, og aðrar tilbúnar vörur.³² [

²⁹ Trúnaðarskjal

³⁰ Trúnaðarmál

³¹ Trúnaðarskjal

³² Sjá umfjöllun á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/sigmar-og-samkaup-stofna-eldum-gott/>

65. Hér að neðan má sjá félög sem Kaupfélag Suðurnesja svf. hefur bein og/eða óbein yfirráð yfir:

- a. Samkaup hf.
- b. KSK eignir ehf.
- c. Fagurey ehf.

4.2 Heimkaup og tengdir aðilar

4.2.1 Fyrirtæki eða einstaklinga sem ráða yfir Heimkaupum með beinum eða óbeinum hætti

66. Fyrir viðskiptin eru Heimkaup að 81,25% hluta í eigu SKEL, þar af 9,29% með beinum hætti en 71,96% í gegnum Orkuna. Aðrir hluthafar Heimkaupa eru Norvik hf. (16,09%), HIBB Holding ehf. (2,07%) og tveggja annarra hluthafa sem eiga á bilinu >0% til 1% hlutafjár. Fyrir samrunann getur komið til endurskipulagningar á eignarhaldi Heimkaupa þar sem eignarhlutur Orkunnar verður seldur til SKEL sem í kjölfarið héldi beint á 81,25% eignarhlut. Eins og áður segir er SKEL skráð á Aðalmarkað Nasdaq Iceland og er eignarhald þess því dreift.³⁴

4.2.2 Fyrirtæki sem eru með beinum eða óbeinum hætti undir yfirráðum Heimkaupa eða tengdra aðila

67. Hér að neðan má sjá rekstrarfélög sem SKEL hefur bein og/eða óbein yfirráð yfir:

Félag	Kennitala	Eignarhlutdeild	Starfssvið/markaður
Orkan IS ehf.	680319-0730	100% (bein)	Orkan rekur 72 eldsneytisstöðvar auk þess að selja vetni, metan og bjóða rafhleðslu
Löður ehf.	580912-0280	100% (óbein í gegnum Orkuna)	Löður rekur 10 bílaþvottastöðvar á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og í Reykjanesbæ.
Heimkaup ehf.	430910-0190	81% (bein og óbein) ³⁵	Heimkaup selur matvöru á netinu og rekur netverslun undir merkjum Heimkaupa auk níu verslana undir merkjum 10-11, Extra og Orkunnar.
Prís ehf.	700608-0500	100% (óbein í gegnum Heimkaup)	Enginn rekstur í félaginu sem stendur.

³³ Trúnaðarmál.

³⁴ Hægt er að nálgast upplýsingar um 20 stærstu hluthafa SKEL á heimasíðu félagsins: <https://skel.is/hluthafar/staerstu-hluthafar>

³⁵ Eftir endurskipulagninguna yrði þetta óbein eignarhlutdeild og innan við 100%

W101 ehf.	491219-0250	100% (óbein í gegnum Heimkaup)	Rekstur tengdur áfengissölu Heimkaupa.
HjemmeKøb Aps, Danmörk	43277782	100% (óbein í gegnum Heimkaup)	Rekstur tengdur áfengissölu Heimkaupa.
Lyfjaval ehf.	580713-1140	100% (óbein í gegnum Heimkaup) ³⁶	Starfsemi félagsins felst í lyfsölu og rekur félagið 7 apótek á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.
Gallon ehf.	630921-2280	100% (bein)	Meginstarfsemi Gallon er móttaka, geymsla og afhending eldsneytis frá birgðastöðvum á Íslandi.
Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf.	640306-0920	100% (bein)	Bjarmi á 6,19% hlut í Samkaupum.
Öxl fasteignir ehf.	640822-1120	100% (bein)	Öxl á landspildur til fasteignapróunar.
Stork ehf. ³⁷	571023-2100	100% (bein)	Tilgangur félagsins felst í fjárfestingum. Engin starfsemi var í félaginu árið 2023.
Styrkás hf.	660722-0920	63,4% (bein)	Styrkás er eignarhaldsfélag á fyrirtækjamarkaði.
Skeljungur ehf.	630921-2010	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Starfsemi félagsins felst í sölu á smurolíu, eldsneyti, hreinsi- og efnavörum og áburði.
ALKUL ehf.	491020-0830	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Starfsemi félagsins felst í viðhaldi og þjónustu á kæli- og frystibúnaði.
Stólpi Smiðja ehf.	460121-1750	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Starfsemi félagsins felst í rekstri á járnsmiðju.
Tjónaþjónustan ehf.	460121-1670	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Starfsemi félagsins felst í tjónaþjónustu fyrir tryggingafélög.

³⁶ Fyrir samruna yrði um beina eignarhlutdeild að ræða

³⁷ Trúnaðarmál: [

]

Stólpi ehf.	460121-0430	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Stólpi er eignarhaldsfélag.
Stólpi Gámar ehf.	460121-1590	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Starfsemi félagsins felst í sölu og útleigu á gámum.
Klettur – sala og þjónusta ehf.	461009-0420	63,4% (100% óbein í gegnum Styrkás)	Meginstarfsemi félagsins felst í sölu og viðgerðum á vöru- og langferðabifreiðum.
Blær - Íslenska vetnisfélagið ehf.	570715-0700	50% (óbein í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í sölu á iðnaðargasi (vetni).
Brauð og co ehf.	620615-1370	38,4% (bein)	Starfsemi félagsins felst í veitingarekstri á bakaríinu Brauð og Co.
Vegsauki ehf.	560506-2280	50% (óbein í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í rekstri fasteigna, lánastarfsemi og tengdum rekstri.
Straumlind ehf.	480920-0150	34% (óbeint í gegnum Orkuna)	Starfsemi félagsins felst í raforkusölu.
EBK ehf.	460406-0210	25% (óbeint í gegnum Gallon)	Starfsemi félagsins felst í rekstri birgðastöðvar fyrir flugeldsneyti á Keflavíkurflugvelli.
Clippers ehf.	671204-4410	22,8% (óbeint í gegnum Heimkaup)	Starfsemi félagsins felst í veitingarekstri á veitingastaðnum Sbarro.

68. SKEL á einnig stöður í öðrum skráðum félögum sem það tekur ekki stjórnarsæti í og eru nýttar til stýringar fjármuna félagsins en ekki til áhrifa í félögunum. Þá á SKEL 8,23% eignahlut í Skaga hf., en í samstæðu þess eru Vátryggingafélag Íslands hf., Fossar fjárfestingarbanki hf., SIV eignastýring hf. og Líftryggingafélag Íslands hf., sem og 15,37% hlutur í Kaldalóni hf.

4.3 Formlegt og óformlegt viðskiptalegt samstarf

69. Samrunaaðilar eru ekki í formlegu né óformlegu viðskiptalegu samstarfi við fyrirtæki sem starfa á sömu eða tengdum mörkuðum.

5 PERSÓNULEG OG FJÁRHAGSLEG TENGL OG FYRRI YFIRTÖKUR

5.1 Samkaup og tengdir aðilar

70. Eins og áður segir eru Samkaup að stærstum hluta í eigu samvinnufélaga. Kaupfélag Suðurnesja svf. með 51,31% hlut og Kaupfélag Borgfirðinga svf. með 9,69% hlut. Samvinnufélögin eru í eigu mikils fjölda félagsmanna sem hafa jafnan atkvæðisrétt og ráða fyrirtæki eða einstaklingar í hópi

félagsmanna, hvorki ein eða í sameiningu, ekki yfir meira en 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Aðrir stærri eigendur Samkaupa eru lífeyrissjóðir, Byggðastofnun og Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf.,³⁸ með 6,19% hlut, en þau fara ekki með 10% atkvæðisréttar, útgefins hlutafjár eða annarra verðbréfa í öðrum fyrirtækjum með starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, svo samrunaaðilar viti til.

5.1.1 Stjórnarmenn Samkaupa

71. Í stjórn Samkaupa sitja Sigurbjörn Gunnarsson, stjórnarformaður, Margrét Katrín Guðnadóttir, varaformaður, Guðfinna Sesselja Bjarnadóttir, meðstjórnandi, Anna Birgitta Geirfinnsdóttir, meðstjórnandi, og Guðjón Kjartansson meðstjórnandi. Framangreindir stjórnarmenn Samkaupa eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Hið sama á við um Gunnar Egil Sigurðsson forstjóra Samkaupa.

5.1.2 Yfirtökur Samkaupa á síðustu þremur árum

72. Samkaup og tengdir aðilar hafa ekki komið að yfirtökum á síðustu þremur árum á fyrirtækjum sem stunda viðskipti á mörkuðum þar sem áhrifa gætir.

5.2 Heimkaup og tengdir aðilar

73. Heimkaup og tengir aðilar eiga ekki yfir 10% hlut í öðrum fyrirtækjum sem starfa á mörkuðum þar sem áhrifa gætir, utan þess sem fram kemur í kafla 4 hér að framan.

5.2.1 Stjórnarmenn Heimkaupa

74. Í stjórn Heimkaupa sitja Sigríður Lína Gröndal, stjórnarformaður, Auður Daníelsdóttir, meðstjórnandi, Gísli Jón Magnússon, meðstjórnandi, Jón Ásgeir Jóhannesson, meðstjórnandi og Magnús Ingi Einarsson, meðstjórnandi. Framangreindir stjórnarmenn Samkaupa eiga ekki sæti í stjórn annars fyrirtækis sem rekur starfsemi á mörkuðum þar sem áhrifa gætir. Hið sama á við um Grétu Maríu Grétarsdóttur, forstjóra Heimkaupa.

5.2.2 Yfirtökur Heimkaupa á síðustu þremur árum

75. Á neðangreindri töflu má sjá yfirlit yfir yfirtökur Heimkaupa á síðustu þremur árum.

³⁸ Eignarhaldsfélagið Bjarmi ehf. er í eigu SKEL, sem er eigandi 81% hluta í Heimkaupum, þar af 9,3% með beinum hætti en 72% í gegnum Orkuna sbr. umfjöllun í kafla 4.2.1.

Félag	Ár	Annað
Lyfjaval ehf.	2023	Árið 2023 festi Heimkaup kaup á Lyfjaveli, sem hafði áður sameinast Lyfsalanum ehf. árið 2021.
Gló veitingar ehf. (heitir nú Prís ehf.)	2023	Árið 2023 festi Heimkaup kaup á Gló veitingum ehf., sem þá rak tvo veitingastaði. Í mars 2024 var veitingastöðum Gló lokað en vörumerkið er enn í eigu Heimkaupa. Það er engin rekstur í félaginu sem stendur.
Basko verslanir (10-11, Orkan og Extra)	2023	Árið 2023 festi Heimkaup kaup á níu verslunum sem reknar eru undir vörumerkjum 10-11, Orkunnar og Extra.

6 SKILGREININGAR Á MÖRKUÐUM

6.0 Inngangur

76. Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna samkvæmt 17. gr. c. samkeppnislaga er nauðsynlegt að skilgreina þann markað sem samrunaaðilar starfa á. Samkvæmt 4. gr. samkeppnislaga er markaður skilgreindur sem sölusvæði vöru og staðgönguvöru eða þjónustu og staðgönguþjónustu. Við skilgreiningu markaða er í samrunaskrá almennt tekin mið af starfsemi þeirra fyrirtækja sem að samrunanum koma.
77. Starfsemi samrunaaðila skarast fyrst og fremst á dagvörumarkaði, með dagvöruverslunum samrunaaðila, en nokkur eðlismunur er á starfsemi samrunaaðila á markaðinum. Heimkaup er t.a.m. aðeins netverslun, útibú 10-11 eru litlar þægindavöruverslanir sem selja fyrst og fremst vörur til ferðamanna og aðeins þrjár verslanir eru reknar undir merkjum stórmarkaðarins Extra.³⁹ Þá opnaði Heimkaup verslunina Prís í ágúst 2024 en einkunnarorð verslunarinnar eru að tryggja lægsta mögulega verð á dagvöru.
78. Framboð Samkaupa á dagvörumarkaði er nokkuð misjafnt milli vörumerkja. Kjörbúðin þjónustar aðeins landsbyggðina með minni stórmörkuðum víðsvegar um landið. Þrír stórmarkaðir eru starfandi undir merkjum Iceland, aðeins á höfuðborgarsvæðinu, en Nettóverslanir eru staðsettar um land allt. Til stendur að umbreyta Iceland-verslunum Samkaupa í Nettóverslanir og hefur sú umbreyting þegar hafist. Krumbúðin er minni þægindavöruverslun, með útibú hvort tveggja á höfuðborgarsvæðinu og á landsbyggðinni.
79. Í eftirfarandi umfjöllun er fjallað um þá markaði sem samrunaaðilar starfa á, en áhersla er lögð á þá markaði sem teljast markaðir viðkomandi samrunanum sbr. 3. lið í VI. kafla viðauka I í reglum nr. 1390/2020, sbr. 5. mgr. 17. gr. a samkeppnislaga, þ.e. dagvörumarkaður og tengdir markaðir ef við á.

³⁹ Flokkun verslananna er miðuð við flokkun í könnun MMR sem framkvæmd var í tengslum við rannsókn Samkeppniseftirlitsins á annars vegar samruna Haga hf. og Ólíuverzlunar Íslands hf. og hins vegar N1 hf. og Festi hf. sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa hf. á eignum tveggja verslana af Basko verslunum hf.*

6.1 Viðkomandi vörumarkaðir

6.1.1 Dagvörumarkaður

80. Samkeppniseftirlitið hefur í fyrri ákvörðunum sínum skilgreint dagvörumarkað sem sölu á dagvöru í matvöruverslunum, þar sem neytendur geta keypt daglegar nauðsynjar til heimilisþarfa og búshalds.⁴⁰ Í framkvæmd hafa hefðbundnar dagvöruverslanir, þ.e. lágvöruverslanir, stórmarkaðir, þægindavöruverslanir eða klukkubúðir ásamt minni verslunum („kaupmaðurinn á horninu“) verið taldar falla undir skilgreiningu markaðarins. Dagvöruverslanir selja því t.d. mat- og drykkjarvörur, hreinlætis- og snyrtivörur og óvaranlegar heimilisvörur á borð við hreingerningavörur.⁴¹
81. Megineinkenni alhliða dagvöruverslana er breitt vöruúrval, þ.e. að hægt sé að nálgast flesta vöruflokkka undir einu þaki, sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.* Í ákvörðuninni var vísað til fyrri ákvarðana Samkeppniseftirlitsins, m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 64/2008, *Misnotkun Haga hf. á markaðsráðandi stöðu sinni á matvörumarkaði*, þar sem ítarlega var litið til sameiginlegra einkenna matvöruverslana á dagvörumarkaði. Sameiginlegt einkenni slíkra verslana var m.a. talið vera allmikið vöruúrval, allt frá 1.100-1.200 upp í 10.000-15.000 vörutegundir, sem væri breytilegt eftir verslunargerð.⁴²
82. Að sama skapi hefur vöruframboði dagvöruverslana verið skipt upp í tvo meginflokkka; dagvöru og sérvöru. Dæmi um sérvörur eru t.d. fatnaður og búshöld eða aðrar vörur sem eru „varanlegri“ en dagvörur.⁴³ Í ákvarðanaframkvæmd Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar ESB hafa verslanir á borð við söluturna, eldsneytisstöðvar, fiskbúðir og bakarí ekki verið taldar falla undir dagvörumarkað. Hið sama er talið eiga við um hverfisbúðir, söluturna og gripið og greitt verslanir.⁴⁴
83. Meginmunurinn er talinn felast í því að dagvöruverslanir bjóða almennt upp á allar vörur sem neytendur þurfa til að uppfylla daglegar neysluþarfir og eru bakarí og smásala á eldsneytisstöðvum eða í söluturnum þ.a.l. ekki talin uppfylla þau viðmið. Sem dæmi eru matvörur sem keyptar eru á eldsneytisstöðvum fyrst og fremst keyptar til að neyta þeirra strax eða fljótlega og hið sama má segja um vörur sem seldar eru í bakaríum.⁴⁵
84. Framangreind skilgreining á dagvörumarkaði hefur staðið óhöggð um langt skeið í íslenskri og erlendri framkvæmd í samkeppnisréttarlegum skilningi.⁴⁶ Framkvæmdastjórn ESB hefur velt því upp hvort rétt væri og eðlilegt að skilgreina mismunandi markaði út frá stærð verslana miðað við

⁴⁰ Sbr. t.d. ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2018, 14/2019 og 8/2020 ásamt skýrslum Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012, um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði, og nr. 1/2015 um leiðbeiningu um samkeppni á dagvörumarkaði.

⁴¹ Skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015 um leiðbeiningu um samkeppni á dagvörumarkaði, bls. 3.

⁴² Ákvörðunin fór fyrir áfrýjunarnefnd Samkeppnismála, sbr. úrskurður nr. 2/2009, og sú ákvörðun var síðar staðfest með dómi Hæstaréttar í máli nr. 188/2010.

⁴³ Skýrsla Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2012 um verðþróun og samkeppni á dagvörumarkaði.

⁴⁴ Sjá t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.* og ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar í máli nr. M.10631, *ITM/Mestdagh*

⁴⁵ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*

⁴⁶ Sjá t.d. mgr. 31 í ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M10459, *CVC/Stock Spirits Group*, og ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.9495, *Fortenova Grupa/Poslovni Sistemi Mercator*.

fermetrafjölda en samræmdri nálgun hefur fremur verið beitt.⁴⁷ Samkeppniseftirlitið hefur einnig nýlega slegið því föstu að talið sé að mörk hins hefðbundna dagvörumarkaðar hafi ekki tekið veigamiklum breytingum á síðustu árum.⁴⁸

85. Netverslun með dagvöru hefur aukist töluvert undanfarin ár og jókst gríðarlega þegar Covid-faraldurinn stóð sem hæst á Íslandi. Frá 2019 til 2021 fjórfaldaðist hlutfall netverslunar á dagvörumarkaði, þ.e. frá 0,95% til 4,3%.⁴⁹ Eftir lok faraldursins hægðist á vextinum en þróun bendir til þess að netverslun með dagvöru muni halda áfram að aukast.⁵⁰
86. Ekki hefur verið tekin bein afstaða til þess hvort að netverslun með dagvöru tilheyri dagvörumarkaði í framkvæmd samkeppnisyfirvalda hér á landi eða í ákvörðunum framkvæmdastjórnar ESB. Samrunaaðilar telja ljóst að staðganga sé á milli netverslana og annarra dagvöruverslana og að um einn markað sé að ræða.
87. Í máli sænska samkeppniseftirlitsins Dnr. 361/2021, *Dagab Inköp & Logistik AB/Axfood Investering och Utveckling AB*, voru talin rök með og á móti því að netverslanir með dagvöru tilheyrðu dagvörumarkaði en eftirlitið tók ekki beina afstöðu til álítafnisins. Í málinu töldu samrunaaðilar netsölu hluta af dagvörumarkaði m.a. með tilliti til þess að sömu aðilar buðu hvort tveggja upp á kaup á staðnum og á netinu, að undanskildum einum aðila. Þá kom fram að netsala tæki sífellt stærri hluta af markaðsvextinum, sem bendir til staðgöngu. Markaðsaðilar, sem leitað var til, tóku undir sjónarmiðin með vísan til þess að lítill munur væri á viðskiptum á netinu og í verslun, og að sömu neytendur versli á netinu og í búð. Enn fremur kom fram að þegar neytandi velur rafræn viðskipti þá sé hann að stunda slík viðskipti í stað viðskipta á staðnum.
88. Á grundvelli neytendakönnunar sem framkvæmd var í tengslum við framangreinda ákvörðun sænska samkeppniseftirlitsins voru skoðaðir mismunandi kostir við hvora leið, þ.e. netverslun eða verslun á staðnum, sem rök með og á móti staðgöngu. Þar kom m.a. fram að í fyrsta lagi væri varan afhent neytanda strax ef dagvara er keypt á staðnum en á móti kæmi að neytandi „sleppi við“ að fara í búð ef heimsending er valin. Í öðru lagi velji neytendur fremur netverslun vegna þæginda, tímasparnaðar, einfaldleika og það að forðast þrengsli í verslun. Í þriðja lagi beri neytendur saman tilboð netverslana en á móti kæmi að verð væru almennt hærra á netinu vegna tinslukostnaðar og sendingargjalda, sem væri talið benda til þess að það séu ekki verðnæmustu neytendurnir sem versli á netinu. Samandregið taldi sænska samkeppniseftirlitið að ákveðin rök með því að vefverslanir tilheyri dagvörumarkaði⁵¹ og byggði samrunagreiningin á þeirri forsendu, þrátt fyrir að ekki hafi þótt tilefni til að taka endanlega afstöðu til álítafnisins.⁵²
89. Dönsk samkeppnisyfirvöld tóku netverslanir með dagvöru til skoðunar í nýlegri ákvörðun danska samkeppniseftirlitsins frá 30. ágúst 2023, *Aldi Danmark/Rema 1000*, en tekið skal fram að neytendakönnun eftirlitsins virðist ekki hafa verið jafn ítarleg og sú sem sænska samkeppniseftirlitið framkvæmdi í áður nefndu máli Dnr. 361/2021. Í ákvörðun danska samkeppniseftirlitsins héldu aðilar því fram að netsala í auknum mæli veitti umtalsverðan

⁴⁷ Ákvörðun framkvæmdastjórnar ESB nr. M.10631, *ITM/Mestdagh*, mgr. 16.

⁴⁸ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins í máli nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*

⁴⁹ Sjá m.a. nánari umfjöllun á eftirfarandi vefslóð: https://www.rsv.is/post/netverslun_samanburður_mckinsey_2022

⁵⁰ Sjá m.a. umfjöllun McKinsey: <https://www.mckinsey.com/industries/retail/our-insights/state-of-grocery-europe-2024-signs-of-hope>

⁵¹ Dnr. 361/2021, *Dagab Inköp & Logistik AB/Axfood Investering och Utveckling AB*, mgr. 187.

⁵² Dnr. 361/2021, *Dagab Inköp & Logistik AB/Axfood Investering och Utveckling AB*, mgr. 91.

samkeppnisþrýsting á hefðbundnar verslanir. Samkvæmt könnuninni voru neytendur hins vegar almennt taldir ólíklegir til að versla í netverslun og myndu fremur velja aðra, staðbundna verslun í stað verslana aðila, sem til álita voru í málinu, ef til samruna aðila kæmi. Hafa ber í huga að virkni markaðarins í Danmörku er mjög frábrugðin íslenskum dagvörumarkaði, m.a. m.t.t. þess að úrval verslana í göngufæri í dönskum borgum og bæjum er töluvert meira en á Íslandi. Þá eru neytendavenjur einnig ólíkar, þar sem minna er um magnkaup í verslunum, enda eru hjólréiðar einn helsti samgöngumáti Dana.⁵³

90. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*, aflaði eftirlitið annars vegar sjónarmiða hagsmunaaðila og hins vegar var framkvæmd neytendakönnun þar sem óbeint var litið til þess að hve miklu leyti staðganga sé á milli netverslana með dagvöru og staðbundinna verslana á dagvörumarkaði. Í hópi hagsmunaaðila taldi lítill hluti svarenda að „mikill“ eða „mjög mikill“ munur væri á hefðbundnum dagvöruverslunum og netverslunum með dagvöru. Þá töldu >75% svarenda að hefðbundin dagvöruverslun veiti netverslun með dagvörur mikið samkeppnislegt aðhald og allir svarendur voru sammála um að netverslanir með dagvöru veittu hefðbundnum dagvöruverslunum mikið samkeppnislegt aðhald.
91. Að samrunaaðilum vitandi bjóða allir aðilar á íslenskum dagvörumarkaði, sem eru með á netverslun með dagvöru, að frátöldum Heimkaupum, einnig upp á kaup með fýsiskum hætti í verslun. Stór hluti af rekstri dagvöruverslana er launakostnaður og húsnæðiskostnaður. Þegar verslun býður hvort tveggja upp á kaup á netinu og í búð er hægt að samnýta vinnuafl og húsnæðiskostnað, sem leiðir til þess að sá hluti rekstrarkostnaðar lækkar verulega, enda tekur fýsíska verslunin meginhlutann af þeim kostnaði. Rekstur verslana sem aðeins bjóða upp á kaup á dagvöru í netverslun hefur hingað til gengið erfiðlega, enda hefur Heimkaup skilað tapi síðustu ár og verslanir, á borð við Boxid.is⁵⁴, hafa lagt upp laupana eftir skammvinnan rekstur.
92. Samrunaaðilar telja ljóst að netverslun með matvöru feli fyrst og fremst í sér aukna þjónustu verslana, m.a. samanborið við það sem áður var; að hægt væri að hringja inn pöntun símleiðis eða senda pöntun í verslun með tölvupósti. Dagvörur eru seldar um nokkrar söluleiðir í nútíma markaðsumhverfi og má þar nefna kassakerfi með starfsmanni, sjálfsafgreiðslukassa, skannað og greitt, auk vefverslunar. Það skiptir einu fyrir verslunina hvaða leið viðskiptavinurinn velur og verða mörk netverslunar og staðbundinnar verslunar sífelld óskýrari.
93. Þeir aðilar sem bjóða upp á kaup á netinu sjá um að tína saman pantanir í verslunum fyrir viðskiptavini og rukka tínslu- eða þjónustugjald fyrir. Sams konar gjald er almennt innheimt fyrir heimsendingu auk þess sem greitt er fyrir sendinguna sjálfa nema t.d. að verslað sé yfir tiltekna lágmarksfjárhæð, í samræmi við þjónustuskilmála verslunarinnar sem verslað er við. Þegar boðið er upp á kaup í netverslun er viðskiptavinurinn enn fremur jafnan samhliða gefinn upp sá kostur að sækja samanteknar vörur í verslun og greiðir viðkomandi þá ekki heimsendingargjald, en gæti aftur á móti þurft að greiða tínslugjald. Verðið á dagvöru á netinu og í staðbundinni verslun er eitt og hið sama. Samrunaaðilar telja raunar að netverslanir myndu ganga mjög illa ef greitt væri hærra verð fyrir sömu vörur í netverslun og að slík hækkun yrði ekki arðbær. Að sama skapi telja samrunaaðilar að ef netverslun væri ekki í beinni samkeppni við staðbundnar verslanir væri hvergi boðið upp á fría heimsendingu.
94. Með vísan til framangreinds telja samrunaaðilar að staðganga sé á milli netverslana með dagvöru

⁵³ Sjá til hliðsjónar umfjöllun á eftirfarandi vefsíðu: <https://denmark.dk/people-and-culture/biking>

⁵⁴ Sjá frétt á mbl.is: https://www.mbl.is/vidskipti/frettitir/2019/12/18/boxid_lokad_en_verdur_opnad_eftir_aramot/ Boxið er þó starfandi í dag en félagið selur netverslunarkerfi til fyrirtækja.

og hefðbundinna dagvöruverslana. Af því leiðir að samrunaaðilar telja að skilgreina beri dagvörumarkaðinn miðað við hefðbundna skilgreiningu markaðarins í samræmi við fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar ESB, og þannig að netverslanir með dagvöru falli einnig undir dagvörumarkað.

95. Samrunaaðilar telja að meginскörun samrunaaðila sé á dagvörumarkaði í heild og þurfi því almennt ekki að meta samkeppnisleg áhrif á hugsanlegum undirmörkuðum en Samkeppniseftirlitið hefur m.a. skilgreint sérstakan heildarmarkað fyrir smásölu vítamína, steinefna og bætiefna, heildarmarkað fyrir smásölu á lífrænni mat- og drykkjarvöru og heildarmarkaði fyrir smásölu á mat- og drykkjavöru sem flokkast gegn heilsuvara. Talið er að unnt sé að skilgreina framangreinda markaði í enn frekari undirmarkaði og/eða eftir söluleiðum sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Þar sem skörun á starfsemi samrunaaðila er ekki að meginstefnu til á slíkum undirmörkuðum, heldur á dagvörumarkaði í heild, telja samrunaaðilar því óþarft að fara í frekari umfjöllun og skilgreiningar á stöðu samrunaaðila á slíkum undirmörkuðum.

6.2 Viðkomandi landfræðilegir markaðir

96. Til landfræðilegs markaðar telst það svæði þar sem hlutaðeigandi fyrirtæki eru viðriðin framboð og/eða eftirspurn eftir viðkomandi vöru eða þjónustu, þar sem samkeppnisskilyrði eru nægilega lík og sem unnt er að greina frá nærliggjandi svæðum, einkum vegna þess að samkeppnisskilyrði eru greinilega frábrugðin á þeim svæðum, sbr. VI. kafli reglna Samkeppniseftirlitsins um tilkynningu og málsmeðferð í samrunamálum nr. 1390. Við mat á landfræðilegum markaði er m.a. litið til eðlis og einkennis viðkomandi vöru eða þjónustu, hugsanlegra aðgangshindrana eða neytendavenja, mun á markaðshlutdeild fyrirtækja á því landfræðilega svæði sem um ræðir og aðliggjandi svæði eða verulegs mun á verðum.
97. Hér að neðan verður fjallað um landfræðilega markaði málsins þar sem áhrifa samrunans gætir sem og á mörkuðum þar sem áhrifa samrunans kann að gæta, eins og við á.

6.2.1 Dagvörumarkaður

98. Í ákvarðanaframkvæmd Samkeppniseftirlitsins hefur landfræðilegur markaður fræðilega séð verið talinn ýmist staðbundinn, svæðisbundinn, landsmarkaður eða alþjóðamarkaður sbr. t.d. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.* Í ákvörðuninni kom fram að stærð landfræðilegs markaðar velti m.a. á því að hvaða marki þörf er talin á því að kaupandi sé í nálægð við seljandann og matið ráðist almennt af því hvað einkenni vöruna eða þjónustuna annars og viðskiptavinina hins vegar, eftir því hvaða leiðum sala og þjónusta fer fram svo og hvert eðli viðskiptanna sé. Þar skipti máli hversu mikil þörf er á beinu sambandi milli kaupanda og seljanda og hver yrði tíma- og ferðakostnaður við að nálgast seljanda í meiri fjarlægð. Þannig hafi markaðir tilhneigingu til að vera staðbundnir þegar mikil þörf er á beinum samskiptum viðskiptavina og seljenda vörunnar og þ.a.l. hafi almennt verið litið svo á í samkeppnisrétti að smásölumarkaðir séu staðbundnir, eins og fram kom í nefndri ákvörðun.
99. Dagvörumarkaður hefur þannig verið talinn staðbundinn þar sem höfuðborgarsvæðið hefur verið skilgreindur sérstakur markaður og eftir atvikum aðrir þéttbýliskjarnar og svæði á landinu. Litið hefur verið svo á að út frá sjónarhóli neytenda gæti tuttugu mínútna akstur í þéttbýli gefið kost á einum eða fleiri stórmörkuðum og lágvöruverðsverslunum auk minni matvöruverslana sem bjóða upp á takmarkaðra vöruúrval, eftir því hvar viðkomandi neytandi er staðsettur. Við mat á afmörkun landfræðilegs markaðar dagvöruverslana hefur því verið litið til svæðis sem nemur 20-

30 mínútna akstursfjarlægð frá viðkomandi verslun.⁵⁵


100. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*, var tekið fram að þrátt fyrir að markaðir séu almennt skilgreindir út frá eftirspurnarhliðinni nái framboð á matvörumarkaðnum upp að vissu marki til landsins alls, m.a. m.t.t. þess að verslanakeðjur hafi marga samræmda þætti yfir land allt, s.s. verð og auglýsingar. Hafa þurfi hliðsjón af markaðshlutdeild yfir land allt, þrátt fyrir að eftirspurn teljist í eðli sínu staðbundin. Í ákvörðuninni var því litið til þess að landfræðilegu markaðir málsins væru þau markaðssvæði þar sem verslanir samrunaaðila væru starfræktar auk þess sem hliðsjón var höfð af stöðu þeirra á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og landinu í heild sinni hins vegar.

101. Eftirfarandi svæði voru skilgreind sem landfræðileg markaðssvæði á dagvörumarkaði í ákvörðuninni:

- Höfuðborgarsvæðið: Reykjavík, Seltjarnarnes, Kópavogur, Hafnarfjörður, Garðabær, Mosfellsbær og Kjósarhreppur
- Borgarbyggð (Borgarnes): Borgarbyggð, þ.e. Borgarnes, Hvanneyri, Varmaland, Reykholt og Bifröst
- Snæfellsnes (Stykkishólmur): Stykkishólmur, Grundarfjörður, Snæfellsbær (Ólafsvík, Rif og Hellissandur) og Búðardalur
- Norðanverðir Vestfirðir (Ísafjörður): Ísafjarðarbær (Ísafjörður, Flateyri, Hnífsdalur, Suðureyri og Þingeyri), Súðavík og Bolungarvík
- Norðurland vestra: Blönduós, Hofsós, Hvammstangi, Sauðárkrúkur og Skagaströnd
- Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið (Akureyri): Akureyri, Dalvík og aðrir staðir við Eyjafjörð
- Norðurland eystra: Húsavík, Raufarhöfn, Kópasker, Vopnafjörður og Þórshöfn
- Austurland (Egilsstaðir) Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Fjarðabyggð (Neskaupstaður, Mjóifjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Fáskrúðsfjörður og Stöðvafjörður) og Fellabær
- Suðurland (Árborg): Árborg (Selfoss, Stokkseyri, Eyrarbakki), Flúðir, Laugarás, Árnes, Hveragerði, Þorlákshöfn, Hella, Hvolsvöllur og Þykkvibær
- Suðurnes (Reykjanesbær): Reykjanesbær (Keflavík, Njarðvík og Hafnir), Garður, Sandgerði, Grindavík og Vogar

102. Hér að neðan má sjá dreifingu verslana og þjónustustöðva samrunaaðila um land allt:

⁵⁵ Sjá einnig ákvörðun samkeppnisráðs nr. 18/1999, Yfirtaka Baugs hf. á Vöruveltunni hf., ákvörðun Samkeppnisráðs nr. 38/2002, Samningur Baugs Group hf. og Eignarhaldsfélagsins Fengs hf. um stofnun á félagi um rekstur Ávaxtahússins ehf. og Banana ehf., ákvörðun framkvæmdastjórnar EB í samrunamáli Kesko/Tuko nr. IV/M.784 (OJ C193) og ákvörðun framkvæmdastjórnar EB frá 25. Apríl 2004 í máli nr. COMP/M.4590 Rewe/Delvita. Vísað var til ákvarðananna í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*



103. Á myndinni að ofan eru helstu staðsetningar verslana Samkaupa merktar inn ásamt þeim verslunum þar sem Heimkaup selur matvöru í viðkomandi einkennislitum hvers vörumerkis Heimkaupa.
104. Eins og áður greinir rekur Heimkaup netverslun undir merkjum Heimkaupa, þar sem seld er matvara. Staðbundnar verslanir eru ekki reknar undir merkjum Heimkaupa. Árið 2023 festi Heimkaup kaup á níu verslunum sem reknar eru undir vörumerkjum 10-11, Orkunnar og Extra. Verslanir Extra eru staðsettar í Reykjavík, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Verslanir 10-11 eru staðsettar í Reykjavík og á Keflavíkurflugvelli. Útibú Heimkaupa með matvöru á eldsneytisstöðvum Orkunnar eru staðsett á höfuðborgarsvæðinu og í Reykjanesbæ. Þá er verslunin Prís staðsett á höfuðborgarsvæðinu, n.t.t. í Kópavogi. [
-]⁵⁶
105. Verslanir Nettó eru á höfuðborgarsvæðinu, á Akureyri, í Borgarnesi, á Egilsstöðum, á Húsavík, á Höfn, á Ísafirði, í Reykjanesbæ og á Selfossi. Verslun Samkaupa í Grindavík var lokað tímabundið vegna náttúruhamfara á Reykjanes-skaga og ekki liggur fyrir hvenær unnt verður að opna hana að nýju, en ekki er gert ráð fyrir opnun á árinu 2025.
106. Verslanir Kjörbúðarinnar eru starfræktar á Blönduósi, í Bolungarvík, á Dalvík, á Djúpavogi, á Eskifirði, á Fáskrúðsfirði, í Garði, í Grundarfirði, á Hellu, í Neskaupstað, á Ólafsfirði, í Sandgerði, á Seyðisfirði, á Siglufirði, á Skagaströnd og í Þórshöfn.
107. Krumbúðin rekur verslanir á höfuðborgarsvæðinu, á Akranesi, á Akureyri, í Búðardal, á Flúðum, á Hólmavík, á Húsavík, á Laugarvatni, í Reykjahlíð, í Reykjanesbæ og á Selfossi.
108. Verslanir Iceland eru aðeins staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Eins og áður segir stendur til að breyta Iceland-verslunum í Nettó-verslanir og hafa tveimur Iceland verslunum, á Seljabraut í Breiðholti og í Engihjalla í Kópavogi, þegar verið breytt í Nettó-verslanir.
109. Í samræmi við fyrri skilgreiningar Samkeppniseftirlitsins á landfræðilegum mörkuðum á dagvörumarkaði telja samrunaaðilar að skörun í starfsemi þeirra sé að finna á eftirfarandi landfræðilegum mörkuðum:

⁵⁶ Trúnaðarmál.

- Höfuðborgarsvæðið
- Suðurnes (Reykjanesbær)
- Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið (Akureyri)

110. Framangreint mat samrunaaðila er með tilliti til þess að verslanir Heimkaupa, þ.e. Extra, 10-11 og Orkan, eru aðeins reknar á höfuðborgarsvæðinu, á Suðurnesjum og á Akureyri. Þrátt fyrir að Samkaup reki verslanir víðsvegar á landinu er þ.a.l. ekki skörun á öðrum landfræðilegum mörkuðum að mati samrunaaðila. Heimkaup býður sínum viðskiptavinum upp á heimsendingu um land allt með póstinum en sá möguleiki er lítið sem ekkert nýttur fyrir dagvöru utan höfuðborgarsvæðisins. Líta samrunaaðilar því svo á að netverslun Heimkaupa með dagvöru starfi einungis á höfuðborgarsvæðinu.
111. Tekið skal fram að á tilteknum svæðum, t.d. á Austurlandi, þ.e. á Eskifirði, Fáskrúðsfirði, í Neskaupstað og á Seyðisfirði, rekur Samkaup einu verslunina á dagvörumarkaði en samrunaaðilar telja ekki skörun á umræddum mörkuðum, þar sem Heimkaup rekur ekki dagvöruverslanir á framangreindum stöðum.
112. Hvað netverslun varðar telja samrunaaðilar að landfræðilegur markaður með netverslun á dagvörumarkaði sé til samræmis við landfræðilega afmörkun á staðbundnum verslunum á dagvörumarkaði. Ástæðan er fyrst og fremst sú að staðbundnar verslanir eru nýttar til að tína vörur sem seldar eru í gegnum netverslun. Krónan er t.a.m. að nýta verslun sína á Reyðarfirði til að bjóða upp á heimsendingu á Neskaupstað og á Eski-, Reyðar- og Fáskrúðsfirði.⁵⁷ Eins hefur Krónan sendir Krónan m.a. á Flúðir, Reykholt, Laugarás, Eyrarbakka, Stokkseyri og Tjarnarbyggð.⁵⁸ Heimkaup getur aftur á móti einungis nýtt sína tínslustöð á höfuðborgarsvæðinu til að þjónusta höfuðborgarsvæðið með dagvörur. Boðið er upp á heimsendingu um allt land með póstinum, en eðli málsins samkvæmt er þjónustan lítið sem ekkert nýtt af viðskiptavinum Heimkaupa utan höfuðborgarsvæðisins. Nettó getur boðið heimsendingu á fleiri markaðssvæðum og sem stendur er hægt að fá heimsent á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi.
113. Samandregið telja samrunaaðilar að markaðssvæði staðbundinnar verslunar sé jafn stórt, sama hvort lítið er á viðskipti á staðnum eða á netinu, m.a. m.t.t. ferskleika, og rétt sé að notast við fyrri framkvæmd Samkeppniseftirlitsins við landfræðilega afmörkun, sbr. t.d. ákvörðun nr. 28/2017, *Samruni Haga hf. og Lyfju hf.*

6.3 Markaðir þar sem áhrifa gætir

114. Líkt og fyrr greinir gætir áhrifa samrunans á dagvörumarkaði í heild, í samræmi við skilgreiningu úr ákvarðanaframkvæmd Samkeppniseftirlitsins sbr. umfjöllun í kafla 6.2. Áhrifa gætir á landinu öllu, sem og á höfuðborgarsvæðinu, í Reykjanesbæ og á Akureyri. Nánar verður fjallað um stöðu samrunaaðila á markaðnum í kafla 7.

6.4 Markaðir þar sem áhrifa gætir ekki

6.4.1 Markaður fyrir smásölu áfengis

115. Að vitund samrunaaðila hefur Samkeppniseftirlitið ekki tekið markað fyrir smásölu áfengis til

⁵⁷ Sjá m.a. frétt Austurfréttar um málið: <https://www.austurfrett.is/frettir/heimsendingarthjonusta-kronunnar-fallidh-austfirdhingum-vel-i-gedh>

⁵⁸ Sjá yfirlit yfir þau póstnúmer sem Krónan býður upp á heimsendingar til á vefsíðu Krónunnar: <https://kronan.is/spurt-og-svarad>

skoðunar enda hefur Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins einkaleyfi til smásölu áfengis samkvæmt 1. mgr. 10. gr. áfengislaga nr. 75/1998, þrátt fyrir að heimilt sé að selja áfengi á framleiðslustað í takmörkuðum mæli sbr. 6. gr. b sömu laga. Markaðurinn hefur þó breyst nokkuð á síðustu árum en félög á borð við netverslun Heimkaupa, Sante, Nýju Vínbúðina, Desma, Coscto og Smáríkið hafa haft umboð með áfengissölu erlendra netverslana. Í ljósi einokunarstöðu ÁTVR telja samrunaaðilar ekki hafa þýðingu fyrir niðurstöðu þessa máls að fjalla nánar um markaðshlutdeild á mögulegum markaði fyrir smásölu áfengis en talið hefur verið að ÁTVR sé með ríflega 97% markaðshlutdeild.⁵⁹

116. Fjölmargar netverslanir með áfengi hafa skotið upp kollinum á síðustu árum með misgóðum árangri. Tekjur áfengisverslunarinnar Sante ehf. námu í fyrra um 580 milljónum króna árið 2022 og forsvarsmenn Sante opnuðu nýlega afgreiðslulager í Skeifunni í Reykjavík sem á að verða „stærsti vínaafgreiðslustaður landsins“.⁶⁰ [

] ⁶¹

117. [

] ⁶² Samkaup hafa litið til áfengissölu í netverslun en nákvæm áform, þ.e. hvort og hvenær slík sala muni koma til framkvæmda, liggur ekki fyrir á dagsetningu samrunatilkynningar þessarar.⁶³ Hagkaup opnaði netverslun með áfengi í september 2024 þar sem viðskiptavinum gefst færi á að skanna QR-kóða við komu í staðbundna verslun.⁶⁴ Á meðan verslað er í verslun Hagkaupa „setur starfsmaður áfengu vörurnar í poka og í lok verslunarferðarinnar sækir viðskiptavinurinn áfengið á þjónustuborðið,“ eins og haft er eftir framkvæmdastjóra Hagkaupa.⁶⁵ Þá hóf Costco sölu á áfengi í gegnum netverslun sína sumarið 2023. Krónan fylgist einnig vel með þróun á áfengissölu en að sögn framkvæmdastjóra hefur verslunin hingað til ekki viljað selja áfengi í gegnum netverslun þrátt fyrir að innviðir séu til staðar.⁶⁶ Þá hefur netverslunin Sante opnað vínaafgreiðslulager í Skeifunni þar sem viðskiptavinum býðst að sækja pantanir sínar í afgreiðsluskápa.⁶⁷

118. Samandregið telja samrunaaðilar ljóst að markaðshlutdeild Heimkaupa á mögulegum markaði fyrir smásölu áfengis sé hverfandi. Það mun að öllum líkindum einnig taka Samkaup nokkurn tíma að afla marktækrar markaðshlutdeildar í áfengissölu, ef af innkomunni verður, enda telja samrunaaðilar að innkoma Haga á markaðinn muni hafa töluverð áhrif. Þá er einnig nokkur óvissa með réttarumhverfi netverslana sem fara með smásölu áfengis ef horft er til framtíðar og gætu blikur verið á lofti á markaðinum.⁶⁸ Í ljósi alls ofangreinds verður ekki fjallað meira fyrir smásölu

⁵⁹ Sjá frétt á vef mbl.is þar sem byggt er á gögnum frá fjármálakerfinu Meniga: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2022/05/09/netverslanir_med_litid_brot_af_markadi/

⁶⁰ Sjá viðtal í Viðskiptablaðinu: <https://vb.is/frettir/verdur-staersti-vinafgreidslustadur-landsins/>

⁶¹ Trúnaðarmál.

⁶² Trúnaðarmál.

⁶³ Sjá frétt á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/netto-skodar-ad-hefja-afengissolu-ef-ekkert-breytist/>

⁶⁴ Sjá frétt á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/hagkaup-opnar-netverslun-med-afengi-i-dag/>

⁶⁵ Sjá frétt á vef mbl.is: https://www.mbl.is/vidskipti/frettir/2024/05/23/hagkaup_opna_netverslun_med_afengi/

⁶⁶ Sjá frétt á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/kronan-vill-ekki-starfa-a-grau-svaedi-/>

⁶⁷ Sjá frétt á vef Viðskiptablaðsins: <https://vb.is/frettir/verdur-staersti-vinafgreidslustadur-landsins/>

⁶⁸ Heilbrigðisráðherra sagði í viðtali hinn 25. maí 2024 í kjölfar tilkynningar Hagkaupa um netverslun með áfengi að slík starfsemi væri klárt lögbrot. Sjá nánar á Vísi: <https://www.visir.is/g/20242575423d/list-illa-a-a-fengis-solu-hag-kaups-eg-tel-bara-ad-thad-thurfi-ad-fara-ad-logum->

áfengis í samrunaskrá þessari.

7 UPPLÝSINGAR UM MARKAÐI ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

7.0 Inngangur

119. Eins og áður hefur komið fram er það mat samrunaaðila að áhrifa samrunans gæti fyrst og fremst á dagvörumarkaði. Á markaðinum eru tvær mjög öflugar samstæður, Hagar og Festi, sem keppast við að auka samkeppnisforskot sitt. Að mati samrunaaðila virðist hagnaðarvon turnanna tveggja í fyrirsjáanlegri framtíð vera aukaatriði. Hagar opnuðu nýlega stóra Bónusverslun í Miðhrauni, mjög skammt frá þremur öðrum Bónusverslunum, eða í um 3-7 mínútna akstursfjarlægð frá hverri þeirra. Bónusverslun er í Kaupþingi, í um 7 mínútna akstursfjarlægð, Helluhrauni, eða í um 3 mínútna akstursfjarlægð, og á Garðatorgi en um 5 mínútur tekur að keyra frá Garðatorgi í verslunina í Miðhrauni. Ekki stendur til að loka verslunum þrátt fyrir stofnun þeirrar nýju.⁶⁹ Bónus opnaði einnig nýja og endurbætta matvöruverslun í Holtagörðum í Reykjavík sumarið 2023 en önnur verslun er í Skútuvogi, í um tveggja mínútna akstursfjarlægð. Verslunarkeðjan opnaði einnig verslun í Norðlingaholti árið 2022 en fyrir var verslun í Hraunbæ, í um 6 mínútna akstursfjarlægð.⁷⁰ Hagkaup, í eigu Haga, hefur einnig ráðist í töluverðar framkvæmdir á verslunum og opnað m.a. endurbættar verslanir í Smáralind og Kringlunni og hlotið hönnunarverðlaun fyrir.⁷¹ Þá var verslun Hagkaupa á Eiðistorgi töluvert endurbætt árið 2021.⁷²
120. Samrunaaðilar leggja áherslu á að standsetning nýrrar verslunar, sér í lagi jafnstórra og Bónusverslanir eru almennt, er kostnaðarsöm og tekur jafnan nokkurn tíma fyrir slíka fjárfestingu að byrja að skila hagnaði. Því má velja því upp hvort að markmið með opnun nýrra verslana sé að koma í veg fyrir að keppinautar geti haslað sér völl á tilteknum staðsetningum.
121. Krónan, í eigu Festi, hefur einnig ráðist í miklar endurbætur á verslunum sínum í Reykjavík, m.a. á Granda, í Skeifunni, og í Grafarholti, auk þess sem ný Krónuverslun var opnuð á Akureyri í desember 2022.⁷³ Sama ár var einnig opnuð ný verslun í Borgartúni í Reykjavík. Krónan hefur einnig ráðist í miklar fjárfestingar í netverslun og tengdum tæknilausnum og býður nú upp á heimsendingar í smærri byggðarlögum á Norðurlandi eystra, Austurlandi og á Suðurlandi, eins og nánar er rakið hér²³⁰ að neðan.
122. Samrunaaðilar telja ljóst að fjárhagslegur styrkur keppinauta sé nýttur í áframhaldandi sókn, sem gríðarlega erfitt er fyrir aðra keppinauta á dagvörumarkaði að mæta. Ef litið er til fjárfestingarútgjalda Haga og Festi síðustu ára saman borið við fjárfestingarútgjöld Samkaupa er munurinn auðsjáanlegur. Á tímabilinu 2020-2023 námu fjárfestingarútgjöld Festi um 12,7 ma.kr., fjárfestingarútgjöld Haga um 11,8 ma.kr. á meðan fjárfestingarútgjöld Samkaupa námu 2,8 ma.kr. á sama tímabili, sbr. neðangreind skýringarmynd.


⁶⁹ Framkvæmdastjóri Bónuss sagði í viðtali í tilefni af stofnun verslunarinnar í Miðhrauni að versluninni í Kaupþingi yrði ekki lokað, þrátt fyrir að um 500 metrar væru á milli verslananna. Sjá nánar á vef Kópavogs- og Garðapóstins: <https://kgp.is/gardabaer/bonus-fjolgarmatvoruverslunum-i-gardabae/>

⁷⁰ Miðað er við upplýsingar af Google Maps í umfjölluninni.

⁷¹ Sjá grein hjá Viðskiptablaðinu: <https://vb.is/frettir/nyju-verslanir-hagkaups-verdlaunadar/>

⁷² Sjá tilkynningu á heimasíðu Hagkaupa: <https://www.hagkaup.is/grein/endurbætur-a-eidistorgi>

⁷³ Sjá m.a. tilkynningar á heimasíðu Krónunnar: <https://www.kronan.is/frettir/kronan-opnar-nyja-verslun-a-akureyri-og> <https://kronan.is/frettir/kronan-i-grafarholti-opnar-eftir-framkvæmdir>



7.1 Áætluð heildarstærð dagvörumarkaðar

123. Samrunaaðilar telja að heildarvelta markaðar fyrir sölu á dagvöru hafi verið um 210 ma.kr. árið 2021, um 225 ma.kr. árið 2022 og um 255 ma.kr. árið 2023.
124. Samrunaaðilar áætla að heildarvelta vegna netsölu hafi verið um 12 ma.kr. sl. 3 ár.
125. Samrunaaðilar gera sér ekki grein fyrir stærð markaða m.t.t. þrengri landfræðilegrar afmörkunar, þar sem velta keppinauta á dagvörumarkaði er ekki aðgreind eftir landfræðilegum staðsetningum í ársreikningum þeirra.

7.2 Áætluð markaðshlutdeild hjá hverju fyrirtæki sem að samruna stendur

126. Á neðangreindum töflum má sjá áætlaða markaðshlutdeild hjá samrunaaðilum á dagvörumarkaði, hvort tveggja staðbundinni og í netverslun.

A. Heimkaup

127. Á neðangreindri töflu má sjá áætlun á markaðshlutdeild Heimkaupa en einungis áætluð hlutdeild á landinu öllu byggir á gögnum, þ.e.a.s. ársreikningum Heimkaupa og keppinauta þess. Þá byggja upplýsingar um áætlaða markaðshlutdeild vegna rekstrarársins 2024 á greiningu Arev⁷⁴, sem er fylgiskjal nr. 8:

⁷⁴ Trúnaðarskjal.

Heimkaup ⁷⁵	2021	2022	2023	2024
Ísland (með netsölu)	3,0% ⁷⁶	2,9% ⁷⁷	2,7% ⁷⁸	[] ⁷⁹
Ísland (án netsölu)	0-5%	0-5%	0-5%	0-5%
Höfuðborgarsvæðið	0-5%	0-5%	0-5%	0-5%
Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið	0-5%	0-5%	0-5%	0-5%
Suðurnes	5-10%	5-10%	5-10%	5-10%

B. Samkaup

128. Á neðangreindri töflu má sjá áætlun á markaðshlutdeild Samkaupa en einungis áætluð hlutdeild á landinu öllu byggir á gögnum, þ.e.a.s. ársreikningum Samkaupa og keppinauta þess. Þá byggja upplýsingar um áætlaða markaðshlutdeild vegna rekstrarársins 2024 á greiningu Arev⁸⁰, sem er fylgiskjal nr. 8. Þá skal tekið fram að áætlanir taka ekki mið af því að verslun Nettó í Grindavík hafi lokað seinni hluta árs 2023 en tekið hefur verið tillit til þess vegna 2024. [

]⁸¹

Samkaup	2021	2022	2023	2024
Ísland (með netsölu)	19,0%	18,0%	16,6%	[] ⁸²
Ísland (án netsölu)	15-20%	15-20%	15-20%	15-20%
Höfuðborgarsvæðið	5-10%	5-10%	5-10%	5-10%
Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið	25-30%	25-30%	20-25%	20-25%
Suðurnes	35-40%	35-40%	25-30%	25-30%

⁷⁵ Extra, 10/11 og Orkuverslanir sameinuðust og urðu Heimkaup um mitt ár 2023, en áætlun fyrir öll árin sýnir samanlagða hlutdeild þessara verslana.

⁷⁶ Trúnaðarmál: [].

⁷⁷ Trúnaðarmál: [].

⁷⁸ Trúnaðarmál: [].

⁷⁹ Trúnaðarmál.

⁸⁰ Trúnaðarskjal.

⁸¹ Trúnaðarmál.

⁸² Trúnaðarmál.

7.3 Keppinautar sem starfa á markaðnum

129. Stærstu keppinautar samkeppnisaðila á dagvörumarkaði eru Hagar og Festi, sem lengi hafa borið höfuð og herðar yfir aðra á dagvörumarkaði.
130. Í samstæðu Haga eru matvöruverslanirnar Bónus og Hagkaup, eldsneytisstöðvarnar Olís og ÓB, heildverslanirnar Stórkaup og Bananar, dreifingamiðstöðin Aðföng, og fyrirtækið Eldum rétt, sem selur samsetta matarpakka á netinu og í verslun. Samstæða Haga er talin markaðsráðandi á dagvörumarkaði. Bónus rekur 33 verslanir og þar af eru 20 á höfuðborgarsvæðinu. Bónus bætti við einni verslun á höfuðborgarsvæðinu og jók veltuna um níu ma.kr. á milli 2022 og 2023. Fyrir innkomu Prís á markaðinn var það einna helst Bónus sem einkenndi sig frá samkeppninni með lágu verðum, þar sem keppinautarnir Krónan og Nettó hafa frekar valið að auka þjónustu við neytendur. Hagkaup er með gríðarlega sterka markaðshlutdeild á snyrtivörumarkaði og þá eykur enn á styrk Haga að hafa dótturfélögin Aðföng og Banana, sem sinna stoðþjónustu fyrir matvörukeðjurnar, auk Stórkaupa sem býður mat- og rekstrarvörur í heildsölu. Hagkaup jók sína veltu um tvo ma.kr. á milli 2022 og 2023 en gera má ráð fyrir að hluti af þeirri veltu falli undir sérvöru.
131. Festi reka fjölmargar matvöruverslanir undir merkjum Krónunnar, eldsneytisstöðvarnar N1, lyfjaverslunina Lyfju, raftækjaverslunina Elko og Bakkann vöruhótel. Festi hefur sótt í sig veðrið að undanförunu, m.a. á kostnað Haga og annarra aðila á dagvörumarkaði, sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á Eldum rétt ehf.* Velta Krónunnar jókst t.a.m. um 14 ma.kr. á milli 2022 og 2023. Líkt og reifað hefur verið í köflunum að framan þá er Krónan að sækja fram bæði með þægindum, í verslun og á netinu, sem og nýjum verslunum á góðum staðsetningum. Samrunaaðilar telja líkur á því að án samrunans muni Festi halda áfram að eflast, samhliða Högum, og að erfitt verði fyrir smærri aðila að mæta styrknum sem þessir aðilar búa yfir með virkri samkeppni. Samrunaaðilar vilja hrista upp í markaðnum og koma þannig í veg fyrir þá stöðnun sem þeir telja að annars verði og hefur sú vegferð þegar verið hafin, annars vegar með opnun Prís og hins vegar með undirritun samrunasamnings, sem þessi tilkynning lýtur að.
132. Birgðaverslunin Costco, sem opnaði árið 2017 í Garðabæ, selur jafnan vörur í stærri sölueiningum en gengur og gerist í hefðbundnum dagvöruverslunum. Verslunin selur hvort tveggja dagvörur og sérvörur og er talin veita lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum samkeppnislegt aðhald. Þá virðist Costco líta á lágvöruverðsverslanir og stórmarkaði sem keppinauta sína, sbr. áðurnefnd ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á Eldum rétt ehf.*, þar sem Samkeppniseftirlitið taldi rök standa til þess að telja bæri veltu Costco vegna sölu á dagvöru til hins hefðbundna dagvörumarkaðar.
133. Fjarðarkaup hefur rekið verslun innan bæjarmarka Hafnarfjarðar frá 1982. Markmið með stofnun Fjarðarkaupa var að reka lágvöruverðsverslun en í netkönnun Samkeppniseftirlitsins, sem framkvæmd var í tengslum við rannsókn á samruna Haga hf. og Olíuverzlunar Íslands hf., sbr. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa hf. á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*, var Fjarðarkaupum skipað í flokk stórmarkaða. Melabúðinni, sem rekin hefur verið í hartnær 60 ár í Vesturbæ Reykjavíkur, var einnig skipað í flokk stórmarkaða í sömu netkönnun.
134. Verslunin Kostur opnaði fyrir tæpum fimm árum, upphaflega á netinu en er nú til húsa í Miðhrauni í Garðabæ auk þess að selja matvörur á netinu. Þá rekur Kaupfélag Skagfirðinga Skagfirðingabúð á Sauðárkróki. Euro & Mini Market reka nú fimm verslanir á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum.

135. Þá telja samrunaaðilar að aukning í netverslun veiti verulegt samkeppnislegt aðhald á dagvörumarkaði. Krónan hefur verið í mikilli sókn með tækninýjungum í verslun og á netinu og hefur „Snjallverslun Krónunnar“⁸³ auk Krónuappsins notið mikilla vinsælda en skömmu eftir að appið var sett í loftið, árið 2013, höfðu 10.000 manns sótt forritið.⁸⁴ Krónan býður upp á endurgjaldslausu heimsendingu upp að dyrum ef verslað er fyrir meira en 18.000 kr. í um 50 póstnúmerum. Hagkaup býður einnig upp á endurgjaldslausu afhendingu á afhendingarstöð eða í sjálfsafgreiðslubox ef verslað er fyrir meira en 12.900, þrátt fyrir að Hagkaup hafi í seinni tíð fyrst og fremst einblínt á netverslun með snyrtivörur. Hagkaup hyggst setja aukna áherslu á netverslun, a.m.k. í smásölu á áfengi, og er netverslun Hagkaupa því í stöðugri þróun, sbr. umfjöllun að framan.
136. Lista með nöfnum allra helstu keppinauta sem starfa á markaðnum má sjá hér að neðan ásamt áætlaðri markaðshlutdeild á landinu öllu:

	2021	2022	2023	2024
Hagar	41,1%	42,6%	42,9%	44,2%
Festi	22,2%	22,7%	25,3%	27,9%
Samkaup	19,0%	18,0%	16,6%	16,1%
Costco	10,3%	9,7%	8,9%	4,2%
Heimkaup	3,0% ⁸⁵	2,9% ⁸⁶	2,7%	2,0%
Fjarðarkaup	1,8%	1,6%	1,5%	1,5%
Melabúðin	0,6%	0,5%	0,5%	0,5%
Euro & Mini Market	1,6%	1,4%	1,3%	1,5%
Aðrar dagvöruverslanir	0-5%	0-5%	0-5%	0-5%

137. Aðrar dagvöruverslanir á borð við Kaupfélag Skagfirðinga, sem reka Skagfirðingabúð á Sauðárkróki auk kaupfélags á Hofsi og Ketilási, skila ekki sundurliðuðum ársreikningum eftir veltu hverrar dagvöruverslunar fyrir sig. Þá hafa verslanir á borð við Fjarðarkaup, Melabúðina og Euro & Mini Market ekki skilað ársreikningum fyrir árið 2023 en samrunaaðilar gera ráð fyrir því að markaðshlutdeild hafi haldist svo til óbreytt.

138. []⁸⁷

⁸³ Sjá nánar á vefsíðu Krónunnar: <https://kronan.is/umsnjallverslun>

⁸⁴ Sjá grein á vef Vísir <https://www.visir.is/g/2013445910d/kronuappid-sott-tiu-thusund-sinum>

⁸⁵ Tekið skal fram að inni í áætlaðri markaðshlutdeild er litið til reksturs verslunarinnar Heimkaupa sem og verslana Orkunnar þrátt fyrir að þær hafi ekki verið sameinaðar fyrr en árið 2023.

⁸⁶ Tekið skal fram að inni í áætlaðri markaðshlutdeild er litið til reksturs verslunarinnar Heimkaupa sem og verslana Orkunnar þrátt fyrir að þær hafi ekki verið sameinaðar fyrr en árið 2023.

⁸⁷ Trúnaðarmál.

7.3.1 Höfuðborgarsvæðið

139. Áhrifa vegna fyrirhugaðs samruna gæta á höfuðborgarsvæðinu. Heimkaup rekur tvær mjög einfaldar dagvöruverslanir undir merkjum Orkunnar á höfuðborgarsvæðinu, tvær undir merkjum 10-11, eina Extra verslun og eina verslun undir vörumerkinu Prís. Á höfuðborgarsvæðinu rekur Samkaup 10 Nettóverslanir, 11 verslanir undir merkjum Krambúðarinnar og þrjár verslanir undir merkjum Iceland.
140. Miðað við ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 3/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*, var Festi með 25-30% markaðshlutdeild og Hagar með 40-45% markaðshlutdeild á dagvörumarkaði á landsvísu. Í áðurnefndri ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022 kom fram að um 2/3 hlutar af veltu á dagvörumarkaði á landsvísu eru til komnir vegna sölu á höfuðborgarsvæðinu og var hlutdeild Haga árið 2021 rétt hærri en samanlögð hlutdeild bæði Festi og Samkaupa. Samrunaaðilar telja að þetta hafi breyst og hlutdeild Festi á höfuðborgarsvæðinu sé nálægt því að vera sú sama og á landsvísu, á meðan hlutdeild Samkaupa á höfuðborgarsvæðinu hefur lækkað.
141. Aðrir sterkir keppinautar á höfuðborgarsvæðinu eru Costco og ætla samrunaaðilar að hlutdeild þess sé um 10% á höfuðborgarsvæðinu og hafi verið það sl. þrjú ár. Þá má nefna minni aðila líkt og Fjarðarkaup og Melabúðina, en hlutdeild þeirra nær trúlega 1-3% á höfuðborgarsvæðinu og ætla má að það hafi lítið breyst sl. 3 ár.
142. Hlutdeild Heimkaupa á markaðinum er verulega lítil og telja samrunaaðilar ljóst, þrátt fyrir að skörunar kunni að gæta, að fyrirhugaður samruni muni ekki hafa neikvæð eða skaðleg áhrif á samkeppni, enda verður áætluð markaðshlutdeild samrunaaðila aðeins um 10-15% á höfuðborgarsvæðinu. Heimkaup opnuðu nýlega Prís, líkt og fram hefur komið, og standa vonir til þess að hlutdeild Heimkaupa hækki á höfuðborgarsvæðinu á komandi misserum. Fjárhagsstaða Heimkaupa kemur þó í veg fyrir að Prís verslanir verði opnaðar af sama krafti og Krónu- og Bónusverslanir hafa verið reistar og endurnýjaðar á höfuðborgarsvæðinu sl. ár. Þar að leiðandi er óþarft að gera ráð fyrir mikilli hækkun á markaðshlutdeild í fyrirsjáanlegri framtíð. Nánasti keppinautur Prís er Bónus og þá einkum verslunin á Smáratorgi.
143. Prís ætlar sér að leiða verðlækkanir á landinu öllu frá versluninni á Smáratorgi og mun samruninn auðvelda þá vegferð, enda væri hægt að stækka vörumerkið mun hraðar en ella. Samkaup hafa yfir góðum staðsetningum að ráða sem hægt væri að nýta til opunar á fleiri Prís verslunum, en það er erfitt að komast yfir mikilvægar staðsetningar á höfuðborgarsvæðinu. Að sama skapi myndi samruninn auðvelda Prís að verða sér úti um vörur á hagstæðu verði, sem hefur reynst áskorun fyrir verslunina á Smáratorgi. Með samrunanum er hægt að efla bæði Prís, í lágvörusamkeppninni við Bónus, sem og Nettó í samkeppninni við Krónuna, sem snýr að jafnvægi á milli þæginda, þjónustu og vöruverðs.
144. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*, voru verslanir Bónuss, Krónunnar og Nettó settar undir sama hatt í neytendakönnun sem framkvæmd var í tengslum við ákvörðunina. Samrunaaðilar telja þó ljóst að Bónus hafi markaðssett sig sem ódýrustu matvöruverslunina um langt skeið og að verð endurspegli markaðssetninguna. Með boð um bestu verðin á dagvörumarkaði verður því að telja að aðal keppinautur Prís sé Bónus, þrátt fyrir að veita Krónunni og öðrum dagvöruverslunum

⁸⁸ Trúnaðarmál.

einnig samkeppnislegt aðhald. Að sama skapi hefur Krónan lagt mikla áherslu á hátt þjónustustig líkt og Nettó hefur gert, sem gæti skilað sér í hærri verðum í ákveðnum tilvikum. [

og fram kemur í framangreindri ákvörðun féllu Bónus, Krónan og Nettó undir flokkinn „stórmarkaðir“ og telja samrunaaðilar að hið sama eigi við um Prís. [

]

145. [

]

7.3.2 Suðurnes

146. Samrunaaðilar búa ekki yfir upplýsingum um markaðshlutdeild aðila á einstökum landfræðilegum mörkuðum eftir stöðu annarra keppinauta á þeim, enda eru sundurliðaðar tölur um veltu hvers keppinauts alla jafna ekki aðgengilegar. Þrátt fyrir framangreint munu samrunaaðilar leitast við að gera áætlaðri markaðshlutdeild skil með fulltingi þeirra gagna sem eru aðgengileg samrunaaðilum.

147. Heimkaup rekur verslun undir merkjum Extra á Hafnargötu 51, 230 Reykjanesbæ.

148. Samkaup reka tvær Nettóverslanir á Suðurnesjum, annars vegar í Krossmóa 4, 260 Reykjanesbæ og hins vegar á lðavöllum 14, 230 Keflavík. Þá rak Samkaup áður Nettóverslun að Víkurbraut 60, 240 Grindavík, en versluninni var lokað tímabundið í nóvember 2023 vegna náttúruhamfara og líkt og áður kom fram er óljóst hvenær hún verður opnuð að nýju. Verslunin opnaði takmarkað aftur og hefur nú verið lokað. Samkaup rekur tvær Krambúðarverslanir á Suðurnesjum, annars vegar á Tjarnarbraut 24, 260 Reykjanesbæ og hins vegar á Hringbraut 55, 230 Reykjanesbæ. Þá rekur Samkaup verslun undir merkjum Kjörbúðarinnar á Suðurnesjum, annars vegar á Miðnestorgi 1, 245 Sandgerði, og hins vegar á Sunnubraut 4, 250 Garði.

149. Hagar reka stóra verslun undir merkjum Bónuss á Fitjum í Reykjanesbæ. Önnur verslun Bónuss er á Túngötu 1, 230 Reykjanesbæ. Festi reka einnig verslun á Fitjum í Reykjanesbæ undir merkjum Krónunnar. Aðrar verslanir á dagvörumarkaði á Suðurnesjum eru m.a. Kostur matvöruverslun, Holtsgötu 24, 260 Reykjanesbæ og Mini Market, Hafnargötu 80, 230 Reykjanesbæ. Mini Market reka einnig verslunina Vogus í Vogum, lðndal 2, 190 Vogar. Þá rekur Jubi ehf. smærri verslun á Hafnargötu 54, 230 Reykjanesbæ. Verslunin og veitingastaðurinn Public Deli hóf starfsemi á Ásbrú

⁸⁹ Trúnaðarmál.

⁹⁰ Trúnaðarmál.

⁹¹ Trúnaðarmál.

árið 2024, Keilisbraut 771, 262 Reykjanesbæ.⁹²

150. Fjallað var um markaðshlutdeild aðila á dagvörumarkaði á Suðurnesjum í skýrslu Samkeppniseftirlitsins nr. 1/2015, *Leiðbeining um samkeppni á dagvörumarkaði, Staða samkeppninnar 2015*. Í skýrslunni var talið að Bónus væri með 40-41% hlutdeild, þrjár verslanir 10-11 væru með 10-11% hlutdeild (að meðtalinni verslun á Keflavíkurflugvelli), og verslanir Samkaupa voru taldar vera með 46-47% hlutdeild á markaðinum.
151. Nánar var fjallað um markaðshlutdeild á dagvörumarkaði í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *Samruni N1 hf. og Festi hf.*, þar sem Festi var talið vera með 10-15% hlutdeild á dagvörumarkaði á Suðurnesjum árið 2016, en Krónan opnaði nýja verslun á Fitjum í Reykjanesbæ árið 2015 og hefur náð til sín töluverðri markaðshlutdeild síðan árið 2016. Til að mynda var velta Krónunnar á Suðurnesjum kr. 1.861.129.064,- árið 2021 en árið 2022 jókst veltan og var kr. 2.140.084.611.⁹³
152. Fyrsta skóflustungan að 10 þúsund fermetra verslunarhúsnæði fyrir Krónuna var nýlega tekin að Fitjabraut 5 en stefnt er að því að taka húsnæðið í notkun árið 2025. Krónan hyggst reka þar verslun ásamt því að gera viðskiptavinum kleift að panta sínar matvörur heim eða sækja þær í gegnum Krónuappið.⁹⁴ Ekki hefur verið gefið upp hvort að til standi að loka þeirri verslun Krónunnar sem þegar er til staðar.
153. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*, var hlutdeild Haga á dagvörumarkaði á Suðurnesjum metin um 30-35% á árunum 2019-2021. Samrunaaðilar telja Haga enn hafa hæsta hlutdeild, enda má álykta að þar sem Hagar reka Bónusverslun sé hlutdeild þess tiltölulega há.⁹⁵ Á Suðurnesjum eru tvær slíkar.
154. Á neðangreindri töflu má sjá gögn um áætlaða markaðshlutdeild á Suðurnesjum, úr póstnúmerum 230 og 260, samkvæmt upplýsingum úr fjármálakerfinu Meniga. Tekið skal fram að gögn frá Meniga endurspeglar ekki endilega afdráttarlaust áætlaða markaðshlutdeild á viðkomandi svæði. Inn í gögnin vanta t.a.m. upplýsingar um hlutdeild Kosta matvöruverslunar og Mini Market, auk annarra keppinauta á dagvörumarkaði. Þrátt fyrir að samrunaaðilar reki sex verslanir á Suðurnesjum er markaðsstaðan ekki sérlega sterk í samanburði við eina Krónuverslun (og aðra í uppbyggingu) og tvær Bónusverslanir, og fer lækkandi á milli ára. Sjá hér að neðan Meniga tölur fyrir árið 2023:

Verslun	Markaðshlutdeild
Bónus	42,1%
Krónan	23,8%
Nettó	22,6%
Extra	5,7%
Krambúðin	4,6%

⁹² Sjá nánar á vef Víkurfrétta: <https://www.vf.is/vidskipti/vegurinn-ad-heiman-er-vegurinn-heim>

⁹³ Upplýsingarnar eru fengnar úr samrunaskrá vegna kaupa Festi hf. á Lyfju hf. sem aðgengileg er á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins: <https://www.samkeppni.is/media/almennar-myndir/Uppfaerd-samrunaskra-an-trunadarupplysinga.pdf>

⁹⁴ Sjá tilkynningu á vef Reykjanesbæjar: <https://www.reykjanesbaer.is/is/moya/news/enginn-titill-26>

⁹⁵ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *Samruni N1 hf. og Festi hf.*

Kjörbúðin	1,1%
------------------	------

155. Ef litið er til gagna frá Meniga á fyrstu tveimur ársfjórðungum ársins 2024 má sjá markaðshlutdeildina á neðangreindri töflu:

Verslun	Markaðshlutdeild
Bónus	40,8%
Krónan	26,8%
Nettó	22,5%
Extra	4,9%
Krambúðin	4,2%
Kjörbúðin	1,2%

156. Á dagvörumarkaði á Suðurnesjum felst samþjöppunin í einni Extra verslun. Samrunaaðilar reka þar sex verslanir, sbr. umfjöllun að ofan, en áætla þrátt fyrir það að sameiginleg markaðshlutdeild þeirra hafi farið lækkandi sl. ár. Mikil fólksfjölgun hefur verið á svæðinu á undanförunum árum og bæði Festi og Hagar hafa verið að sækja í sig veðrið. Hagar reka nú tvær Bónusverslanir á Suðurnesjum og Festi hyggst bæta við Krónuverslun og/eða stækka hana. Krónan hefur einnig aukið þjónustu á svæðinu og sendir nú vörur í heimsendingu í öll póstnúmer á Suðurnesjum, þ. á m. í dreifbýli. Markaðsstaða Heimkaupa í heimsendingu á Suðurnesjum er aftur á móti hverfandi og varla til staðar í matvöru.

157. []⁹⁶ Að mati samrunaaðila er augljóst að aukin samlegð og stærðarhagkvæmni myndi skila betri rekstri á verslunum samrunaaðila á Suðurnesjum og sterkari keppinaut, *maverick*, á dagvörumarkaði.

158. Extra og Krambúðin eru einu tvær verslanirnar á Suðurnesjum sem eru með opið allan sólarhringinn en rekstur verslananna hefur gengið erfiðlega og báðar verslanir hafa verið að skila neikvæðum EBITDA. [

[⁹⁷ Jubi, verslun á Hafnargötu 54, er með opið til 22:00 á kvöldin en um er að ræða litla pólska verslun sem þó veltir um 250 til 300 m.kr. á ári. Veltan er sambærileg veltu Krambúðarinnar við Hringbraut, þrátt fyrir styttri opnunartíma Jubi. Þá hefur verslun Krónunnar sem og verslun Bónuss á Fitjum lengt opnunartíma sinn á síðustu árum. Eins og áður segir lokaði verslun Nettó í Grindavík árið 2023 og er alls óvíst hvort og þá hvenær sú verslun geti opnað að nýju. Samrunaaðilar telja að eldri tölur sem sýna markaðshlutdeild á Suðurnesjum endurspegli ekki markaðshlutdeild samrunaaðila í dag, þar sem verslun Nettó í Grindavík hafði mikil áhrif á markaðshlutdeild Samkaupa á Suðurnesjum.

159. Samkeppniseftirlitið hefur áður litið svo á að opnunartími verslana kann að vera vísbending um

⁹⁶ Trúnaðarmál.

⁹⁷ Trúnaðarmál.

það hvort verslanir teljist nánir keppinautar á markaði, sbr. ákvörðun samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, en þar var talið með samruna tveggja verslana sem voru opnar að næturlagi, myndi samkeppnislegt aðhald hverfa og að Krambúðinni yrði ekki veitt samkeppnislegt aðhald frá 19:30 til 08:00 í Reykjanesbæ. [

] ⁹⁸ Því virðast aðstæður þess efnis að sjónarmiðið um samkeppnislegt aðhald, eins og var vísað til í áðurnefndum úrskurði samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, ekki eiga við með sama hætti hér, enda virðist vera um hverfandi markað að ræða. Þrátt fyrir að opnunartímar kunni að vera vísbending um hvort verslanir séu nánir keppinautar á markaði, telja samrunaaðilar mikilvægt að hafa í huga að það breytir ekki þeirri staðreynd að helstu keppinautar þessara verslana eru verslanir hjá Högum og Festi. Bónus og Krónan eru með opnunartíma til 21:00 á kvöldin. Krónan opnar 08:00 og Bónus 10:00. Frá tímabilinu frá 22:00 til 08:00 er minni aðsókn í verslanir samrunaaðila sem eru opnar 24/7 en aðeins 25% af sölunni fer fram utan opnunartíma annarra verslana, nánar greining er að finna í fylgiskjali 7.

160. Samkeppniseftirlitið hefur í ákvarðanaframkvæmd litið til dagvörusölu eldsneytisstöðva samhliða veltu hefðbundinna dagvöruverslana við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna þrátt fyrir að hefðbundnar dagvöruverslanir hafi verið skilgreindar sem sérstakur markaður í fyrri framkvæmd sbr. m.a. ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2020, *Kaup Samkaupa hf. á rekstri dagvöruverslunar Kaupfélags Steingrímsfjarðar svf. á Hólmavík*.⁹⁹

161. Heimkaup reka eina mjög einfalda verslun/söluturn með dagvörur við sjálfsafgreiðslustöð Orkunnar á Fitjum í Reykjanesbæ. Vöruúrvalið er mjög takmarkað og takmarkast við vörur sem hægt er að neyta á ferðinni, s.s. drykki, samlokur, pylsur, pizzur og sælgæti í takmörkuðu úrvali. Aðrar eldsneytisstöðvar Orkunnar á Suðurnesjum eru sjálfsafgreiðslustöðvar.

162. Hagar reka eldsneytisstöð með dagvörusölu á Fitjabakka 2-4, 260 Reykjanesbæ undir merkjum Olís.¹⁰⁰ Festi, undir merkjum N1, reka 9 eldsneytisstöðvar á Suðurnesjum.¹⁰¹ Á Flugvöllum 27, 230 Reykjanesbæ, er ný og endurbætt N1 verslun með dagvörur ásamt hraðhleðslustöð og sjálfsafgreiðslustöð fyrir jarðefnaeldsneyti. Aðrar stöðvar N1 eru sjálfsafgreiðslustöðvar samkvæmt upplýsingum samrunaaðila.

163. Samrunaaðilar búa ekki yfir upplýsingum um staðbundna veltu N1 og Olís á Suðurnesjunum en velta Heimkaupa á Orkunni Fitjum nam [

] ¹⁰² Ný eldsneytisstöð N1 á Flugvöllum er svokölluð „verslun“ miðað við flokkun á heimasíðu N1 og selur m.a. veitingar, rekstrarvörur og aðrar dagvörur.¹⁰³ Stöðin er stærsta stöð N1 á Suðurnesjum og er alls 1.370 fermetrar. Markmið með opnun stöðvarinnar er að þjónusta „fjölbreyttan hóp viðskiptavina“ á

⁹⁸ Trúnaðarmál.

⁹⁹ Sjá einnig ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins nr. 28/2018, 8/2019, 9/2019 og 14/2019.

¹⁰⁰ Hagar reka einnig sjálfsafgreiðslustöð undir merkjum ÓB í Grindavík.


¹⁰¹ Í upptalningunni er ekki gert ráð fyrir sjálfsafgreiðslustöð og bátadælu N1 í Grindavík.

¹⁰² Trúnaðarmál.

¹⁰³ Sjá yfirlit yfir þjónustubætti staðbundinna eldsneytisstöðva N1 á heimasíðu félagsins: <https://www.n1.is/stodvar/>

Flugvöllum og styðja þannig við uppbyggingu innan svæðisins.¹⁰⁴ Eldsneytisstöð Olís á Fitjum er einnig svokölluð „verslun“ samkvæmt heimasíðu Olís og þá er einnig boðið upp á veitingar, m.a. frá samlokustaðnum Lemon og frá veitingamerkinu Grill 66.¹⁰⁵

164. Þrátt fyrir að samrunaaðilar búi ekki yfir upplýsingum um staðbundna veltu af dagvörusölu eldsneytisstöðva annarra keppinauta telja samrunaaðilar ljóst að sala Heimkaupa á dagvörum við eldsneytisstöð Orkunnar hafi hverfandi áhrif á markaðshlutdeild samrunaaðila á svæðinu á dagvörumarkaði.



165. Hér að neðan má sjá yfirlit yfir áætlaða markaðshlutdeild samrunaaðila á Suðurnesjum fyrir árið 2024. Í áætluninni er tekið mið af því að verslun Nettó í Grindavík hefur verið lokað. Gert er ráð fyrir því að markaðshlutdeildin sé á sama bili að meðtalinni netverslun.

Markaðshlutdeild	Samkaup	Heimkaup	Saman
Suðurnes	25-30%	0-5%	30-35% ¹⁰⁶

¹⁰⁴ Sjá nánar á heimasíðu N1: <https://www.n1.is/frettir/almennar-frettir/staersta-stod-n1-a-sudurnesjum/>

¹⁰⁵ Sjá nánar á heimasíðu Olís: <https://www.olis.is/solustadir/thjonustustodvar/fitjar-reykjanesbaer/42>

¹⁰⁶ Sjá nánari útreikninga í kynningu Fossa.

166. Vöxtur í tekjum Heimkaupa á Suðurnesjum hefur verið lítill sem enginn að meðaltali síðustu ár sem bendir til þess að félagið sé að missa markaðshlutdeild á meðan að markaðurinn hefur verið að vaxa gríðarlega á sama tíma. Eftir nýja kjarasamninga sem og lækkun í markaðshlutdeild er staðan fyrir Heimkaup á Suðurnesjum óljós og ljóst er að rekstrarfyrirkomulagið gangi ekki eftir í óbreyttri mynd, sama hvort af fyrirhuguðum samruna verði. [

] ¹⁰⁷ Ljóst er að reksturinn gangi ekki í núverandi mynd og er því til skoðunar að loka versluninni eða breyta opnunartíma, hvort sem af fyrirhuguðum samruna verður eða ekki.

167. Vöxtur í tekjum Samkaupa á Suðurnesjum hefur verið lítill árlega saman borið við samanburðarfélögin og markaðshlutdeild félagsins hefur farið lækkandi. [

] ¹⁰⁸

168. Samandregið telja samrunaaðilar að samruninn muni ekki skaða samkeppnisaðstæður á Suðurnesjum. Samkeppni þar er hörð og Extra verslun Heimkaupa er langt frá því að vera þar mikilvægur keppinatur. Þvert á móti er framtíð verslunarinnar óviss vegna þess tapreksturs sem verslunin hefur skilað. Bæði Hagar og Festi eru með öflugar verslanir á svæðinu, sem enn er verið að efla með opnun nýrrar Krónu verslunar, og vilja samrunaaðilar veita þeim aukna samkeppni miðað við núverandi slagkraft verslana Samkaupa. Það verður mun gerlegra verkefni aukinni stærðarhagkvæmni og jákvæðum samlegðaráhrifum samrunans. [

] ¹⁰⁹

7.3.3 Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið

169. Heimkaup reka eina Extra verslun á Akureyri, n.t.t. á Mýrarvegi. Samkaup reka Nettóverslun á Glerártorgi á Akureyri og í Hrísalundi. Þá eru tvær verslanir undir merkjum Krambúðarinnar eru á Akureyri, annars vegar á Borgarbraut og hins vegar á Byggðavegi. Þá rekur Samkaup verslanir undir merkjum Kjörbúðarinnar á Mývatni, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði.

¹⁰⁷ Trúnaðarmál.

¹⁰⁸ Trúnaðarmál.

¹⁰⁹ Trúnaðarmál.

170. Krónan opnaði nýlega 2.000 fermetra verslun á Akureyri en í verslunarrýminu er einnig að finna tvo veitingastaði sem bjóða upp á „take-away“ þjónustu.¹¹⁰ Verslunin opnaði á Akureyri í desember árið 2022 og hefur, að vitund samrunaaðila, ekki verið framkvæmd rannsókn á mögulegri markaðshlutdeild Krónunnar á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu, sem birt hefur verið opinberlega.¹¹¹ Heildarsala Krónunnar á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu nam 323.952.462 kr. árið 2022, þrátt fyrir að verslunin hafi opnað í upphafi desembermánaðar sama ár.¹¹² Þar sem velta keppinauta er ekki sundurliðuð eftir verslunum í ársreikningum hafa samrunaaðilar ekki nánari upplýsingar um markaðshlutdeild Krónunnar á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu.
171. Þrátt fyrir að sala dagvöru á eldsneytisstöðvum falli ekki undir dagvörumarkað samkvæmt fyrri ákvarðanaframkvæmd Samkeppniseftirlitsins og framkvæmdastjórnar ESB má til hliðsjónar nefna að Festi rekur tvær N1 stöðvar á Akureyri sem selja dagvöru og veitingar.
172. Hagar reka þrjár verslanir undir merkjum Bónus á Akureyri, í Langholti, Naustahverfi og á Norðurtorgi. Hagar reka einnig verslun undir merkjum Hagkaupa á Furuvöllum á Akureyri. Í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*, var hlutdeild Haga á dagvörumarkaði á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu metin um 55-60% árin 2019-2021. Þegar markaðshlutdeildin var metin hafði nýja Bónusverslunin á Norðurtorgi ekki opnað en ríflega 2.000 fermetra Bónusverslun opnaði í verslunarkjarnanum vorið 2022.¹¹³ Samrunaaðilar telja ljóst að markaðshlutdeild Haga á dagvörumarkaði hafi a.m.k. ekki minnkað síðan áætlun Samkeppniseftirlitsins í framangreindri ákvörðun var gerð með tilkomu nýrrar Bónusverslunar.¹¹⁴ Til hliðsjónar má nefna að Olís rekur þjónustustöð á Akureyri, þar sem seldar eru veitingar og dagvörur. Hið sama á við á Dalvík og á Siglufirði.
173. Ef litið er til netverslunar býður Nettó upp á heimsendingar á Akureyri og þá er einnig unnt að fá heimsendar vörur úr Krumbúðinni í gegnum heimsendingarþjónstuna Wolt. Krónan býður upp á heimsendingar á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði og Húsavík, enda hefur Krónan síðastliðin ár unnið að því að auka við og efla dreifingu „Snjallverslunar“ á landsbyggðinni, eins og orðrétt segir í tilkynningu frá Krónunni snemma árs 2024.¹¹⁵
174. Hér að neðan má sjá áætlaða markaðshlutdeild samrunaaðila á dagvörumarkaði miðað við Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið árið 2023. Gert er ráð fyrir því að markaðshlutdeild verði sú hin sama að meðtalinni netverslun.

¹¹⁰ Sjá nánar á heimasíðu Krónunnar: <https://kronan.is/akureyri>

¹¹¹ Sjá frétt á vef Vísis um opnun verslunarinnar: <https://www.visir.is/g/20222346175d/kronan-opnar-sina-fyrstu-verslun-a-akur-eyri>

¹¹² Upplýsingarnar eru fengnar úr samrunaskrá vegna kaupa Festi hf. á Lyfju hf. sem aðgengileg er á heimasíðu Samkeppniseftirlitsins: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/festi-kaupir-lyfju-oskad-eftir-sjonarmidum>

¹¹³ Sjá nánar á heimasíðu Krónunnar: <https://bonus.is/bonus-mun-opna-nyja-verslun-a-akureyri/>

¹¹⁴ Aftur má vísa til ákvörðunar Samkeppniseftirlitsins nr. 8/2019, *Samruni N1 og Festi hf.*, þar sem fram kom að Hagar hefðu sterka stöðu á flestum landsvæðum og þar sem Hagar væru með Bónusverslun starfandi væri hlutdeild þess tiltölulega há, t.d. á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu.

¹¹⁵ Sjá nánar á heimasíðu Krónunnar: <https://kronan.is/frettir/kronan-eykur-thjonustu-a-nordurlandi-eystra>

	Samkaup	Heimkaup	Saman
Akureyri og Eyjafjarðarsvæðið	25-30%	0-5%	30-35%

175. Eins og sést af framangreindri töflu verður lítil samþjöppun á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu, sem reka má til einnar Extra-verslunar. Heimkaup rekur enda ekki aðrar dagvöruverslanir á svæðinu og þá er sala dagvöru úr netverslun Heimkaupa á svæðið nánast ekki nein. Samrunaaðilar telja ljóst að áhrif fyrirhugaðs samruna á dagvörumarkað á Akureyri og Eyjafjarðarsvæðinu verði hverfandi. Hagar eru enn í markaðsráðandi stöðu, hafa nýlega opnað þriðju Bónusverslunina á Akureyri, og þá hefur innkoma Krónunnar á markaðinn verið mjög sterk, ásamt því að þjónustustig Krónunnar hefur verið aukið jafnt og þétt með heimsendingum vítt og breitt um Eyjafjarðarsvæðið. Verðlagning er ákveðin af öllum þessum aðilum fyrir landið allt og því er það fyrst og fremst samkeppnisþrýstingur á höfuðborgarsvæðinu sem hefur áhrif á verðlagningu.
176. Samkvæmt framangreindu telja samrunaaðilar að fyrirhugaður samruni muni ekki hafa skaðleg áhrif á samkeppni á svæðinu, heldur þvert á móti muni nýr og burðugari keppinautur skapa tækifæri á því að veita turnunum tveimur, Högum og Festi, aukna samkeppni.

7.4 Innflutningur

177. Samrunaaðilar selja fyrst og fremst vörur sem fluttar eru til Íslands frá öðrum Evrópulöndum. Mikill hluti þeirra vara, sem tilheyra mörkuðum þar sem áhrifa samrunans gætir, eru keyptar af innlendum birgjum sem annast innflutning varanna og er innflutningur því mikilvægur fyrir samrunaaðila. Takmarkanir, að frátöldum innflutningstakmörkunum á ferskvöru, eru engar, að frátöldum lögbundnum tollum og gjöldum.
178. [

] ¹¹⁶

179. [

] ¹¹⁷

7.5 Hvernig fyrirtæki sem að samruna standa selja vöru og þjónustu

180. Samrunaaðilar selja vörur til neytenda á sölustöðum um land allt, auk þess sem netsala og heimsending býðst viðskiptavinavinum Heimkaupa og Nettó. Eins og áður segir hefur Krambúðin hafið samstarf með heimsendingarþjónustunni Wolt og boðið er upp á heimsendingar á völdum afgreiðslustöðvum í Reykjavík og á Akureyri. [

¹¹⁶ Trúnaðarmál.

¹¹⁷ Trúnaðarmál.

7.6 Samanburður á verði héraðs og erlendis

181. Verð í verslunum samrunaaðila, þ.e. undir hverju vörumerki, eru samræmd um land allt. Hvorki samrunaaðilar né fyrirtæki undir þeirra yfirráðum selja vörur sínar á mörkuðum erlendis. Starfsemi samrunaaðila og fyrirtækja undir þeirra yfirráðum fer alfarið fram héraðs.

7.7 Lóðrétt samþætting miðað við helstu keppinauta

182. [

183. Heimkaup er ekki lóðrétt samþætt og eru allar vörur keyptar af þriðju aðilum. Að sama skapi sinnir Heimkaup ekki lengur sjálft heimsendingum heldur þurfa viðskiptavinir að kaupa slíka þjónustu af öðrum, þriðju aðilum.

184. Hagar eru sterkasti keppinauturinn að þessu leytnu til þar sem dótturfélagið Aðföng annast innflutning, vöruhýsingu og dreifingu fyrri félög innan samstæðu Haga. Þá þjónustar heildverslunin Stórkaup, sem er í eigu Haga, stórnotendur með aðföng á borð við rekstrarvörur, hreinlætisvörur auk helstu flokka matvöru.

185. Festi keypti nýlega Lyfju og dótturfélag þess, Heilsu, sem annast innflutning og heildsölu á m.a. snyrti- og heilsuvörum.¹²⁰ Krónan býður upp á endurgjaldslausu heimsendingu upp að dyrum ef verslað er fyrir meira en 18.000 krónur í rúmlega 70 póstnúmerum og virðist félagið sjálft sinna heimsendingu. Framboð Krónunnar í heimsendingu í mismunandi póstnúmerum hefur aukist mjög á síðustu mánuðum.

7.8 Sundurliðun á heildartekjum

186. Hér að neðan má sjá sundurliðun á heildartekjum eftir helstu vöruflokkum í starfsemi samrunaaðila:

A. Heimkaup¹²¹

	2021	2022	2023

¹¹⁸ Trúnaðarmál.

¹¹⁹ Trúnaðarmál.

¹²⁰ Sjá m.a. tilkynningu á vef Samkeppniseftirlitsins: <https://www.samkeppni.is/utgafa/frettir/samruni-festi-og-lyfju-samthyktur-med-skilyrdum>

¹²¹ Trúnaðarmál. Tölur eru gefnar upp án vsk.

B. Samkaup¹²²

	2021	2022	2023

]

7.9 Upplýsingar um helstu kostnaðarliði og kostnaðaruppbyggingu

187. Stærstu kostnaðarliðir í rekstri samrunaaðila eru kostnaðarverð seldra vara og launakostnaður.

8 ALMENN SKILYRÐI Á MÖRKUÐUM ÞAR SEM ÁHRIFA GÆTIR

8.0 Inngangur

188. Í þessum kafla er fjallað um almenn skilyrði á mörkuðum þar sem áhrifa kann að gæta. Þá eru einnig afhentar upplýsingar um tengiliði samrunaaðila hjá stærstu birgjum og viðskiptavinum þeirra. Kjósi Samkeppniseftirlitið að setja sig í samband við viðskiptavini eða birgja samrunaaðila í tengslum við rannsókn þess samruna sem hér er tilkynntur, óska samrunaaðilar eftir því að tengiliðir þeirra fái upplýsingar um það samhliða vegna viðkvæms eðlis viðskiptasambanda og mikilvægi þessara sambanda í rekstri samrunaaðila.

8.1 Helstu birgjar samrunaaðila

189. Hér að neðan eru tilgreindir fimm helstu sjálfstæðu birgjar samrunaaðila og hlut hvers þeirra í innkaupum frá hverjum þessum birgja. Einnig fylgja upplýsingar um tengilið, símanúmer og tölvupóstfang.[

A. Heimkaup

190. Eftirtaldir eru fimm helstu sjálfstæðu birgjar Heimkaupa:¹²³

	Birgjar	%	Nafn tengiliðs	Símanúmer	Tölvupóstur
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					

B. Samkaup

191. Eftirtaldir eru fimm helstu sjálfstæðu birgjar Samkaupa:¹²⁴

¹²² Trúnaðarmál. Tölur eru gefnar upp án vsk.

¹²³ Trúnaðarmál.

¹²⁴ Trúnaðarmál.

	Birgjar	%	Nafn tengiliðs	Símanúmer	Tölvupóstur
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					

]

8.2 Þjónustukerfi og dreifileiðir

192. Dreifileiðir og þjónustukerfi samrunaaðila eru sambærileg að mörgu leyti. Helstu dreifileiðir á matvöru eru með flutningabílum innanlands og með skipum og flugi frá Evrópu. Stór hluti af vöruframboði á mörkuðum þar sem áhrifa gætir er þ.a.l. innflutt en innlend framleiðsla, á borð við grænmeti, kjöt og aðrar landbúnaðarvörur, ásamt ferskvörum, er einnig nokkur.
193. Í rekstri Samkaupa er []¹²⁵ af öllu magni sem selt er í verslunum Samkaupa dreift frá miðlægu vöruhúsi og sent í verslanir með Landflutningum. Innlendir birgjar og framleiðendur dreifa []¹²⁶ af seldum vörum sjálfir í verslanir með mismunandi flutningsleiðum.
194. Heimkaup hefur til að draga úr kostnaði við rekstur vefverslunar Heimkaupa hafið samstarf við ólíka þriðju aðila um afhendingu frá Heimkaupum til viðskiptavinar. Í rekstri Heimkaupa er ekki vöruhús og því er öllum vörum dreift beint í verslanir af heildverslunum og framleiðendum. Eigin innflutningur í verslun Prís er afhentur beint í verslun.
195. Þá hefur netverslun samrunaaðila einnig aukist með tilheyrandi heimsendingu á vörum til viðskiptavina. Dreifileiðir í netverslun eru mismunandi eftir verslunum Samkaupa. Með heimsendingu Nettó geta viðskiptavinir valið heimsendingu upp að dyrum á Höfuðborgarsvæðinu, Akureyri, í Reykjanesbæ og á Selfossi. Dreifing seldra vara frá Nettó í netverslun fer aðallega fram með sendlum sem ráðnir eru sem starfsmenn til fyrirtækisins. Eins og áður hefur komið fram hefur Krambúðin hafið samstarf með heimsendingarþjónustunni Wolt og boðið er upp á heimsendingar á völdum afgreiðslustöðvum í Reykjavík og á Akureyri. Til stendur að auka samstarf við heimsendingarþjónustuna, sem sér þá um dreifingu vara úr verslunum Krambúðarinnar.
196. Eins og áður greinir bjóða Heimkaup upp á heimsendingar á höfuðborgarsvæðinu innan fjörutíu mínútna með fyrirtækinu Wolt, póstsendingar með fyrirtækinu Dropp, sem og sendingar með fyrirtækinu Pikkoló sem býður upp á kældar sjálfsafgreiðslustöðvar á höfuðborgarsvæðinu. Viðskiptavinir geta einnig sótt vörurnar í sjálfsafgreiðslustöðvar Pikkoló þegar þeim hentar. Þá er einnig hægt að fá vörur Heimkaupa sendar í póstbox með Póstinum um land allt eða með heimsendingu í umsjá Póstsins.

8.3 Aðrir þættir framboðs

197. Framboð vöru og þjónustu hjá samrunaaðilum tengist fyrst og fremst eftirspurn neytenda og er breytilegt eftir atvikum. Fjölgun eða fækkun ferðamanna á Íslandi getur haft töluverð áhrif á

¹²⁵ Trúnaðarmál.

¹²⁶ Trúnaðarmál.

eftirspurn hjá samrunaaðilum, og þá sér í lagi hjá Samkaupum í verslunum félagsins á landsbyggðinni. Hið sama á þó eðli málsins samkvæmt við heilt yfir á dagvörumarkaði. Þá geta verðlagsbreytingar og vaxtahækkunar haft áhrif sem og gengi erlendra gjaldmiðla vegna vara sem fluttar eru inn til sölu á dagvörumarkaði.

8.4 Tíu stærstu viðskiptavinir

198. Samrunaaðilar eru smásölufyrirtæki og er viðskiptavinahópur félaganna því afar dreifður. Hlutdeild stærstu viðskiptavina er því ekki mikil, eins og fram kemur í töflunni að neðan. [

Tíu stærstu viðskiptavinir Samkaupa eru eftirfarandi:¹²⁷

	Viðskiptavinir	%	Nafn tengiliðs	Símanúmer	Tölvupóstur
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					
6.					
7.					
8.					
9.					
10.					

Tíu stærstu viðskiptavinir Heimkaupa eru eftirfarandi:¹²⁸

	Viðskiptavinir	%	Nafn tengiliðs	Símanúmer	Tölvupóstur
1.					
2.					
3.					
4.					
5.					
6.					
7.					
8.					
9.					

¹²⁷ Trúnaðarmál.

¹²⁸ Trúnaðarmál.

10.					

]

8.5 Eftirspurn á mörkuðum þar sem áhrifa gætir

8.5.1 Þróun markaðarins

199. Heildarvelta í einkaneyslu á mat- og drykkjarvöru á föstu verðlagi hefur aukist stöðugt á síðustu árum að undanskildu árinu 2020, þegar miklar takmarkanir voru settar á heimsóknir ferðamanna vegna heimsfaraldurs Covid-19. Dagvörumarkaður hefur því farið stækkandi, m.a. vegna fólksfjölgunar og aukins fjölda ferðamanna sem heimsækja landið ár hvert. Þrátt fyrir að verðlag hafi hækkað nokkuð reglubundið á mat- og drykkjarvörumarkaði síðustu misseri eru ekki talin merki um að eftirspurn muni minnka.¹²⁹ Samrunaaðilar telja ljóst að markaðurinn muni halda áfram að þróast jafnt og þétt samhliða vaxandi eftirspurn.

8.5.2 Vægi viðskiptavinavildar

200. Samrunaaðilar telja viðskiptavinavild geta skipt máli og þá sérstaklega þegar keppinautur hefur yfir mörgum verslunum að ráða undir sama vörumerki. Vöruframboð hefðbundinna vara á dagvörumarkaði er jafnan sambærilegt milli keppinauta og snýr sérstaða verslunar þá jafnan að þjónustu, þægindum og verðum. Samrunaaðilar telja að viðskiptavild Krónunnar og Bónus sé orðin töluverð í helstu þéttbýlum, m.a. vegna þess að neytendur venja sig á tiltekna verslun og þau vörumerki sem viðkomandi verslun selur, auk þess sem mikill fjöldi verslana styrkir vörumerki og viðskiptavild þessara aðila. [

].¹³⁰ Á móti kemur telja samrunaaðilar að verð, vöruval og nálægð neytenda skipti einnig miklu máli.

8.5.3 Samþjöppun eða dreifing neytenda

201. Viðskiptavinir samrunaaðila eru mjög fjölbreyttur hópur neytenda, hvert sem litið er, enda þurfa allir á dagvörum að halda. Tekið skal fram, í samræmi við fyrri ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins, að staðsetning verslunar geti einnig skipt máli í tengslum við mat á viðskiptavinavild, m.a. við mat á því hvort að neytendur versli við viðkomandi aðila vegna þjónustu eða verðs, eða fyrst og fremst vegna staðsetningar verslunar annars vegar og neytenda hins vegar. Þannig má ætla að búseta neytenda geti haft áhrif, mismunandi opnunartímar verslana, starfsstöðvar neytenda o.þ.h.

8.5.4 Skipting viðskiptavina í ólíka flokka

202. Samrunaaðilar telja að skipta megi viðskiptavinum samrunaaðila í tvo flokka; almenna neytendur og fyrirtæki. Almennir neytendur versla dagvöru í verslunum samrunaaðila, hvort tveggja í verslunum Heimkaupa og Samkaupa. Gera má ráð fyrir því að fyrirtæki kaupi vörur og þjónustu með sama hætti af samrunaaðilum. Þrátt fyrir framangreint má greina blæbrigði innan flokkanna, t.a.m. varðandi markhóp 10-11 annars vegar, sem fyrst og fremst eru ferðamenn, og Nettó hins vegar, sem fyrst og fremst eru íslenskir neytendur.

¹²⁹ Sjá t.d. umfjöllun FF7.is: <https://ff7.is/2024/05/verd-a-mat-og-drykk-haekkadi-einna-mest-her-a-landi/>

¹³⁰ Trúnaðarmál.

8.5.5 Vægi samninga um einkadreifingu eða annars konar langtímasamningar

203. Samrunaaðilar eru ekki með neina samninga um einkadreifingu. Langtímasamningar samrunaaðila eru fyrst og fremst leigusamningar, almennt með 5-20 ára leigutíma, og bundnir við þróun vísitölu neysluverðs.

8.5.6 Vægi eftirspurnar frá opinberum yfirvöldum

204. Samrunaaðilar eiga ekki í sérstöku viðskiptasambandi við opinber yfirvöld og telja samrunaaðilar vægi eftirspurnar frá ríkisstofnunum, ríkisfyrirtækjum eða áþekktum aðilum því hverfandi. Ekki er gerður greinarmunur á viðskiptavinum eftir því hvort að opinber yfirvöld eða t.d. almenn fyrirtæki eigi í hlut.

8.6 Markaðsaðgangur

205. Verslunin Costco hóf starfsemi sína árið 2017 í Kaupþúni í Garðabæ og hefur haft töluverð áhrif á dagvörumarkað.¹³¹ Costco veitir lágvöruverðsverslunum og stórmörkuðum einkum samkeppnislegt aðhald.¹³² Verslunin Kostur opnaði fyrir tæpum fimm árum, upphaflega á netinu en er nú til húsa í Miðhrauni í Garðabæ auk þess að selja dagvörur á netinu. Þá hafa þægindavöruverslanir á borð við Corner Market og Euro & Mini Market gert sig gildandi á dagvörumarkaði í miðborg Reykjavíkur, sem og á Suðurnesjum.

206. Eins og áður hefur komið fram hefur netverslun á dagvörumarkaði aukist gríðarlega síðastliðin ár. Covid faraldurinn hraðaði þessari þróun en samrunaaðilar telja þó að enn sem komið er nemi netverslun einungis 1-2% af heildarveltu dagvöruverslana. Krónan rekur öfluga netverslun og býður upp á endurgjaldslaugar heimsendingar ef verslað er fyrir 18 þúsund krónur eða meira. Vefsíðan Aha.is hefur t.a.m. boðið upp á heimsendingar á matvöru, þar sem vörur eru almennt keyptar í Bónus og seldar í gegnum Aha.is. Þá hafa fyrirtæki á borð við Eldum rétt og Eldabúskan gert sig gildandi í sölu á samsettum matarpökkum.¹³³ Krónan býður þar að auki upp á fulleldaða og tilbúna rétti frá fyrirtækinu Matseðli, sem hægt er að kaupa á netinu, og þarf aðeins að hita. Samrunaaðilar telja að gera megí ráð fyrir auknum vexti í netverslun á komandi árum, á dagvörumarkaði og tengdum mörkuðum.

207. Samrunaaðilum er ekki kunnugt um að innkoma tiltekinna fyrirtækja, erlendra eða innlendra, á dagvörumarkað sé í nánd en með tilliti til inngöngu aðila á borð við Costco, og þess að lagalegar aðgangshindranir séu litlar inn á dagvörumarkað, telja samrunaaðilar ekki ólíklegt að nýjar verslanir hasli sér völl á markaðnum í náninni framtíð. Sem dæmi hafa rekstraraðilar Euro Market nýlega opnað sína fimmtu matvöruverslun.¹³⁴

208. Heimkaup setti verslunina Prís á laggirnar í ágúst 2024 eins og áður greinir. [

]¹³⁵ Það er mjög kostnaðarsamt að

¹³¹ <https://www.visir.is/g/2017894312d/buid-ad-akveda-hvenaer-costco-opnar-i-kaupthuni>

¹³² Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*

¹³³ Tekið skal fram að í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt ehf.*, taldi Samkeppniseftirlitið að Hagar og Eldum rétt gætu hvorki talist nánir né mikilvægir keppinautar í skilningi samkeppnisréttarins, óháð því hvort litið yrði á sölu matarpakka sem hluta af hinum hefðbundna dagvörumarkaði eður ei.

¹³⁴ Sjá frétt á vef RÚV: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-10-polskar-vorur-i-nyrri-matvoruverslun-i-vogunum>

¹³⁵ Trúnaðarmál.

setja upp verslun af þessari stærð, auk þess sem Heimkaup hafa mætt aðgangshindrunum frá birgjum, sem virðast vilja viðhalda núverandi ástandi á markaði með tveimur vaxandi turnum. Slíkt getur að sjálfsögðu hindrað innkomu aðila sem eru ekki með þeim mun fjársterkara bakland.

8.7 Aðgangshindranir

209. Samrunaaðilar telja aðgangshindranir inn á dagvörumarkað almennt séð ekki miklar, ef litið er hlutlægt á markaðinn. Það er tiltölulega einfalt að afla sér starfsleyfis frá viðkomandi heilbrigðisnefnd og reksturinn er þess eðlis að hann er ekki tæknilega flókinn eða háður takmarkaðri auðlind eða aðfangi. Markaðsaðgangur takmarkast ekki af einkaleyfum eða hugverkarétti og þá hafa aðilar almennt aðgang að þeim birgjum sem þeir kjósa, sbr. þó að teknu tilliti til betri kjara sem stærri keppinautum bjóðast á grundvelli stærðarhagkvæmni. Vörumerkjatryggð hefur þó ákveðinn fælingarmátt, auk þess sem tekið skal fram að opinn aðgangur að birgjum jafngildir ekki jöfnum kjörum fyrir viðskiptavinum þeirra miðað við reynslu samrunaaðila. Kjör birgja taka mið af innkaupum viðkomandi og eru því óhagstæðari fyrri smærri aðila heldur en stærri. Aðgangshindranir velja því á því hver í hlut á, t.d. ef aðili sem hefur þegar sterk birgjasambönd erlendis hygðist hefja starfsemi á Íslandi, yrði innkoma aðilans á markaðinn auðveldari vegna ákjósanlegra sambanda við birgja. [

] ¹³⁶

210. Þá telja samrunaaðilar að erfitt geti verið að finna hentugar staðsetningar, sem er þó mismunandi eru eftir dagvöruverslunum til dæmis vegna stærðar, en t.a.m. er erfiðara að finna staðsetningar í sumum hverfum á höfuðborgarsvæðinu en öðrum, og hið sama getur gilt um landsbyggðina. Á móti kemur að þægingdávöruverslanir hafa opnað í auknum mæli í miðborg Reykjavíkur á síðustu misserum og gera má ráð fyrir að ekki muni draga úr þeirri þróun, m.a. vegna fólksfjölgunar og fjölgunar ferðamanna á síðustu árum. Nýjar verslanir hafa einnig skotið upp kollinum á mörkuðum fyrir utan höfuðborgarsvæðið með tilheyrandi samkeppnislegu aðhaldi fyrir aðra aðila á staðbundnum mörkuðum. ¹³⁷

211. Samrunaaðilar telja hins vegar ljóst að nokkurn tíma geti tekið að hasla sér völl á markaðinum, og með þeim hætti að fjárfestingin skili tilætluðum árangri. Í einhverjum tilvikum hefur nýjum fyrirtækjum reynst erfitt að ná fótfestu á dagvörumarkaði en takmarkaður áhugi nýrra aðila fyrir innkomu á markaðinn hefur einnig verið talinn hafa áhrif. ¹³⁸ Mögulegar aðgangshindranir felast því fyrst og fremst í aðgengi að fjármagni en nokkur stofnkostnaður getur verið við opnun verslunar. Kostnaðurinn felst fyrst og fremst í almennri fjármögnun, húsnæðiskostnaði, kaupum á aðföngum og auglýsingum. Að sama skapi geta hentugar staðsetningar fyrir dagvöruverslanir verið takmarkaðar, sem haft getur áhrif á getu til að opna ákjósanlegar verslanir.

212. Turnarnir tveir á dagvörumarkaði eru mjög fjársterkir saman borið við önnur smærri félög og senda skilaboð til hugsanlegra keppinauta með gríðarlegum fjárfestingum í verslunum víðsvegar um landið. Eins og fram kom í fyrri umfjöllun hafa turnarnir tveir nýtt fjárhagslegan styrk í

¹³⁶ Trúnaðarmál.

¹³⁷ Ný verslun opnaði nýlega í Búðardal: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-12-12-ny-verslun-opnar-i-budardal-398902> og þá opnaði verslunin Vogus í Vogum á Vatnsleysuströnd árið 2023: <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-03-10-polskar-vorur-i-nyrri-matvoruverslun-i-vogunum>

¹³⁸ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 14/2019, *Samruni vegna kaupa Samkaupa hf. á eignum tveggja verslana af Basko verslunum ehf.*

áframhaldandi sókn með mun hærri fjárfestingarútgjöldum síðustu ár miðað við keppinauta og fjölgað verslunum þrátt fyrir að mjög skammt sé á milli verslana. Hagar hafa lengi verið með hæstu heildartekjurnar en Festi með meiri eignir og eigið fé en Hagar. Heildartekjur, eignir og eigið fé annarra aðila á dagvörumarkaði er mun lægra. Samkeppniseftirlitið hefur talið fjárhagslegan styrkleika Haga og Festi áþekkan en styrk annarra félaga umtalsvert minni.¹³⁹ Að sjálfsögðu felst ákveðin aðgangshindrun í þessari staðreynd og telja samrunaaðilar nauðsynlegt að ná aukinni stærðarhagkvæmni til að geta jafnað leikinn á dagvörumarkaði og koma þannig í veg fyrir að aðgangshindranirnar aukist.

213. Þannig telja samrunaaðilar að talsverðar hindranir geti verið á markaðinn í þeim skilningi að nýjum aðilum er í ákveðnum tilvikum gert erfitt fyrir að stækka og auka hlutdeild sína á markaðinum. Turnarnir tveir hafa á undanförunum misserum opnað verslanir með mjög stuttu millibili og í eftirsóttu húsnæði.
214. Að öðru leyti telja samrunaaðilar leyfisveitingar eða önnur höft ekki hafa teljandi áhrif í tengslum við aðgangshindranir enda felast t.d. tiltölulega almenn skilyrði í starfsleyfum heilbrigðisnefnda, reksturinn er ekki háður einkaleyfum og svo áfram mætti telja. Það fer því aðeins eftir því hver á í hlut, og með hvers konar verslun, hvort aðgangshindranir séu minni- eða meiriháttar.

8.8 Rannsóknir og þróun

215. Samrunaaðilar framkvæma ekki eiginlegar rannsóknir með reglubundnum hætti á dagvörumarkaði, að frátöldum valfrjálsum könnunum á netinu til viðskiptavina um gæði þjónustu o.þ.h. Þróunarvinna samrunaaðila felst fyrst og fremst í nýjungum í þjónustulausnum í því skyni að auka þægindi og hækka þjónustustig til viðskiptavina samrunaaðila. Þar má einna helst nefna sjálfsafgreiðslukassa, snjallsímaforrit Samkaupa, og aðgengilegri netverslanir. Samrunaaðilar gera ráð fyrir því að þróun nýjunga á dagvörumarkaði verði síbreytileg og muni halda óslitið áfram, til að koma til móts við viðskiptavinum og mæta keppinautum á dagvörumarkaði.

216. [

] ¹⁴⁰

8.9 Samstarfssamningar

217. [

] ¹⁴¹.

218. [

¹³⁹ Ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 23/2022, *Kaup Haga hf. á öllu hlutafé í Eldum rétt hf.*

¹⁴⁰ Trúnaðarmál.

¹⁴¹ Trúnaðarmál.

8.10 Atvinnugreinasamtök

219. Samkaup er aðili að Samtökum verslunar- og þjónustu (SVÞ), málsvara atvinnurekenda í verslunar- og þjónustufyrirtækjum, sem eru undir hatti Samtaka atvinnulífsins (SA). Heimkaup er ekki aðili að atvinnugreinasamtökum.

9 ÁHRIF Á NEYTENDUR OG MILLILIÐI

220. Samrunaaðilar telja að samruninn muni hafa jákvæð áhrif á neytendur og milliliði. Án virkar samkeppni á dagvörumarkaði eru meiri líkur á því að vöruverð haldist hátt auk þess sem hvati til að veita góða þjónustu minnkar, og viljinn til auka vöruúrval dregst saman. Samrunaaðilar eru ekki jafnstærkir aðilar einir og sér og rekstur verslana með dagvöru, til dæmis í fámennum byggðarlögum, hefur verið mjög krefjandi í núverandi umhverfi.
221. Tveir turnar eru á dagvörumarkaði sem geta hvort tveggja haft mikil áhrif á verð og vöruúrval. Sambönd við birgja geta haft mikil áhrif og skapast geta aðgangshindranir vegna mismunandi kjara sem erfitt er að sporna gegn fyrir smærri aðila, sem þar með geta ekki boðið viðskiptavinum sínum jafn hagstætt verð. Magninnkaup skipta þar oft einnig miklu máli og samrunaaðilar munu standa styrkari fótum að þessu leyti gagnvart birgjum ef af samrunanum verður. Þá telja samrunaaðilar að mikil fjárfesting Festi og Haga ásamt sterku sjóðsstreymi úr sölu á heildareldsneytismarkaði hafi m.a. leitt til þess að útsöluverð hafi hækkað minna en innkaupsverð á dagvörumarkaði í rekstri félaganna.
222. Samrunaaðilar telja að viðskiptavild Krónunnar sé orðin gríðarlega mikil á höfuðborgarsvæðinu og tækninýngar og þægindi í staðbundnum verslunum og á netinu hafi skilað miklu. Samrunaaðilar ætla að með þriðja aðila á markaði, sterkum *maverick*, megi gera atlögu að því að brjóta upp það samkeppnismynstur sem er við lýði á dagvörumarkaði í dag, sem skilar sér í betra verði og vöruúrvali fyrir neytendur.
223. Með öflugum þriðja aðila jafnast leikurinn en í óbreyttu ástandi munu Hagar og Festi ná slíku forskoti á aðra samkeppnisaðila að nær ómögulegt verður að koma nýr inn á markaðinn. Það sést bersýnilega af þeim fjármunum sem Hagar og Festi hafa nýtt síðastliðin ár til uppbyggingar verslana en ákveðin stærðarhagkvæmni og verslananet mun gera samrunaaðilum betur kleift að keppa við þessa sístækkandi aðila. Með samrunanum skapast enn fremur aukin geta til að stunda eigin innflutning og möguleikinn á því starfrækja eigin vöruhúsastarfsemi verður raunhæfari, sem veitir möguleika á talsvert meiri samkeppnisþrýstingi á dagvörumarkaði. Betri og hagkvæmari birgðaumsýsla og vörudreifing mun leiða til hagkvæmari kjara og betra vöruflæðis sem skilar sér til viðskiptavina samrunaaðila. Þá gera samrunaaðilar ráð fyrir því að með aukinni samlegð skapist tækifæri í þróun á vöruframboði til hagsbóta fyrir neytendur.
224. Eftir samruna N1 og Festi hafa ítök félaganna gagnvart birgjum, og þar með þjónustuframboð til viðskiptavina, aukist. Nú, þegar Samkeppniseftirlitið hefur samþykkt samruna Festi og Lyfju, má gera ráð fyrir því að ekki muni draga úr slíkum áhrifum. Að sama skapi eru Olís og Hagar undir einum og sama hatti. Samrunaaðilar leggja hér einnig áherslu á að Hagar reki heildverslanirnar Stórkaup og Banana, auk dreifingamiðstöðvarinnar Aðfanga, og að Festi reki Bakkann vöruhótel. Með samruna samrunaaðila skapast aukin geta til að mæta framangreindri þróun, með auknu

¹⁴² Trúnaðarmál.

samkeppnislegu aðhaldi, enda hefur sterkara afl meiri getu til að bæta þjónustu og auka skilvirkni í rekstri, sem að lokum skilar sér til neytenda í bættu vöruúrvali og betri verðum. Stærðarhagkvæmni leiðir til betri kjara hjá lánastofnunum, sem ýtir undir frekari uppbyggingu og kemur í veg fyrir að samrunaaðilar gætu þurft að draga saman seglin í erfiðu rekstrarumhverfi.

225. [

] ¹⁴³

226. Samrunaaðilar hafa gert ítrekaðar tilraunir til að ná fram hagsbótum í rekstri á dagvörumarkaði með öðrum hætti en með samruna samrunaaðila. Síðan Heimkaup keypti verslunarrekstur Orkunnar í júlí 2023 hefur nýtt teymi stjórnenda lagt grunn að nýrri stefnu og forgangsraðað verkefnum. Markmið stjórnenda er að byggja upp verslanir sem nýta bestu mögulegu tækni og hámarka skilvirkni allra ferla með það að markmiði að auka bæði vöxt og framlegð allra rekstrareininga Heimkaupa. Innviðir hafa verið styrktir og grunnur lagður að nýjum verslunum ásamt því að rekstur eldri verslana hefur verið endurhugsaður og endurskipulagður. Efnahagur Heimkaupa er þó mjög veikur og það þrátt fyrir að miklir fjármunir hafi verið settir í reksturinn. [

] ¹⁴⁴ Samruni beggja aðila rennir styrkari stoðum undir rekstur samrunaaðila þar sem breidd eykst og myndar enn frekari samlegðaráhrif og aukna stærðarhagkvæmni.

227. Yfirlýst markmið samrunans er að auka samkeppni á markaði. Heimkaup hafa þegar hafið þá vegferð með innkomu nýs og öflugs keppinautar, Prís á Smáratorgi. Heimkaup hafa mætt ýmsum áskorunum á þessari vegferð og hefur m.a. verið bent á það af birgja að ákveðið kerfi sé í gildi til þess að koma í veg fyrir baráttu og samkeppni á markaðnum. Samrunaaðilar ætla ekki að taka þátt í ólögðum samráði eða þegjandi samhæfingu af neinu tagi, heldur er markmið þeirra þvert á móti brjóta upp það mynstur sem er að skapast á markaðnum. Verðathuganir í verslunum samrunaaðila munu fara fram með sama hætti og endranær í kjölfar viðskiptanna en keppinautar, aðrir hagaðilar, og samtök á borð við Alþýðusamband Íslands (ASÍ) veita mikið samkeppnislegt aðhald með verðkönnunum. Að samrunaaðilum vitandi fara verðathuganir aðila á dagvörumarkaði í meginatriðum fram með sama hætti, þ.e. með heimsóknum frá starfsmönnum fyrirtækja á dagvörumarkaði í verslanir keppinauta, þar sem verðlag á mismunandi vörum er tekið saman og greint. Þá má einnig gera ráð fyrir því að keppinautar fylgist vel með verðum á heimasíðum annarra keppinauta. Í verslunum Samkaupa fara verðathuganir fram handahófskennt, þegar tilefni þykir til, til að tryggja að verð Samkaupa séu samkeppnishæf og stuðli að jákvæðri samkeppni á dagvörumarkaði. [

¹⁴³ Trúnaðarmál.

¹⁴⁴ Trúnaðarmál.

] ¹⁴⁵ [

] ¹⁴⁶ Að sama skapi hafa starfsmenn keppinauta verið tíðir gestir í verslunum Prís og fylgjast greinilega gaumgæfilega með verðum og öðru þar, væntanlega eins og annars staðar.

228. Að mati samrunaaðila mun það að hafa þrjá sterka aðila á dagvörumarkaði draga úr líkum á skaðlegum samstilltum áhrifum, enda veitir sterkur þriðji aðili meira aðhald og eykur samkeppnislegan þrýsting, saman borið við smærri einingar á dagvörumarkaði, þó þær geti einnig haft sitt að segja, líkt og Prís hefur gert frá innkomu.
229. Þrátt fyrir að netverslun hafi vaxið mjög á síðustu árum eru stórar áskoranir fram undan varðandi arðsemi innan sviðsins. [

] ¹⁴⁷ Verslanir sem þjónusta hvort tveggja staðbundna verslun og netverslun, og þar með samnýta starfsfólk og húsnæði á báðum sviðum, eru ótvírætt skilvirkari en aðilar sem reka einungis netverslun. Með auknum afköstum og vöruflæði skapast betra svigrúm til afgreiðslu á meira magni sem sagt hefur verið skipta sköpum til að unnt sé að ná einhverri arðsemi innan netverslunar. ¹⁴⁸ Krónan hefur ráðist í miklar fjárfestingar í netverslun og tengdum tæknilausnum, sbr. umfjöllun að framan, og augljóst verður að telja að slíkir möguleikar skapist með aukinni samnýtingu innviða. Með nýtingu innviða samrunaaðila, sem þegar eru til staðar, má auka þróunarvinnu í netlausnum sem leiðir til aukinnar og betri þjónustu fyrir neytendur.

230. [

] ¹⁴⁹ [

] ¹⁵⁰ Ljóst er að rekstur dagvöruverslana á landsbyggðinni getur verið erfiðleikum háður. [

¹⁴⁵ Trúnaðarmál.

¹⁴⁶ Trúnaðarmál.

¹⁴⁷ Trúnaðarmál.

¹⁴⁸ Dnr. 361/2021, *Dagab Inköp & Logistik AB/Axfood Investering och Utveckling AB*, mgr. 184.

¹⁴⁹ Trúnaðarmál.

¹⁵⁰ Trúnaðarmál.

]¹⁵¹ [

]¹⁵² [

]¹⁵³

231. Krónan er farin að bjóða upp á heimsendingar í smærri byggðarlög á Norðurlandi eystra, þar sem pantanir eru teknar saman í verslun Krónunnar á Akureyri og heimsending er endurgjaldslaus á Akureyri, Dalvík, Ólafsfirði og Siglufirði ef verslað er fyrir 18.000 kr. eða meira. Opnað var fyrir netpantanir á Húsavík í upphafi árs 2024.¹⁵⁴ Þá hóf Krónan nýlega heimsendingu á vörum á Austfjörðum, n.t.t. í Neskaupstað og á Eski-, Reyðar- og Fáskrúðsfirði og á Suðurlandi eins og áður hefur komið fram. Krónan sendir nú heim í ríflega 70 póstnúmer á Íslandi. [

]¹⁵⁵ Samrunaaðilar telja ljóst að fyrirhugaður samruni auki líkur á því að samrunaaðilar geti áfram þjónustað landsbyggðina, auk þess sem mögulegt verður að auka vöruframboð með hagkvæmari innkaupum og betri samningum við birgja. Töluverð tækifæri eru í samnýtingu á rekstrarkostnaði [¹⁵⁶ Núverandi staðsetningar auðvelda samrunaaðilum að þjónusta landið allt með hagkvæmari hætti en gert er í dag, [¹⁵⁷

10 VIÐBÓTARTAKMARKANIR

232. Á ekki við.

11 YFIRLÝSING

Undirritaður lýsir því yfir að upplýsingar, sem veittar eru í tilkynningu þessari, eru sannar, réttar og fullnægjandi samkvæmt bestu vitund, að óstytt afrit af skjölum, sem krafist er í skránni, fylgja með, að allt mat er tilgreint sem slíkt og sett fram samkvæmt bestu vitund og vitneskju um staðreyndir málsins og þar sem álit er látið í ljós er það gert í góðri trú. Undirritaður hefur kynnt sér ákvæði 41. gr. b samkeppnislaga.

Er þess sérstaklega óskað að meðferð málsins verði hraðað eins og mögulega er kostur.

Virðingarfyllt,
f.h. samrunaaðila

Pórdís Bjarnadóttir
Deloitte Legal ehf.

Brynjar Freyr Garðarsson
BBA Fjeldco ehf.

¹⁵¹ Trúnaðarmál.

¹⁵² Trúnaðarmál.

¹⁵³ Trúnaðarmál.

¹⁵⁴ Sjá nánar á vef Krónunnar: <https://kronan.is/frettir/kronan-eykur-thjonustu-a-nordurlandi-eystra>

¹⁵⁵ Trúnaðarmál.

¹⁵⁶ Trúnaðarmál.

¹⁵⁷ Trúnaðarmál.

12 FYLGISKJÖL

Samrunaskrá þessari fylgja neðangreind skjöl:

1. Samrunaskjöl
 - a. Samrunasamningur (**Trúnaðarmál**);
2. Ársreikningar
 - a. Samstæðureikningur Kaupfélags Suðurnesja árið 2022;
 - b. Samstæðureikningur Kaupfélags Suðurnesja árið 2023;
 - c. Ársreikningur Samkaupa árið 2022;
 - d. Ársreikningur Samkaupa árið 2023;
 - e. Ársreikningur Samkaupa árið 2024;
 - f. Ársreikningur SKEL árið 2022;
 - g. Ársreikningur SKEL árið 2023;
 - h. Ársreikningur SKEL árið 2024;
 - i. Ársreikningur Heimkaupa árið 2022;
 - j. Ársreikningur Heimkaupa árið 2023;
 - k. Ársreikningur Atlögu (Heimkaupa) árið 2024;
 - l. Ársreikningur Gló veitinga árið 2022;
 - m. Ársreikningur Gló veitinga árið 2023;
 - n. Ársreikningur Prís (Gló veitinga) árið 2024;
 - o. Ársreikningur W101 árið 2022;
 - p. Ársreikningur W101 árið 2023;
 - q. Ársreikningur W101 árið 2024;
 - r. Ársreikningur HjemmeKøb Aps, Danmörk, árið 2022;
 - s. Ársreikningur HjemmeKøb Aps, Danmörk, árið 2023;
 - t. Ársreikningur HjemmeKøb Aps, Danmörk, árið 2024;
 - u. Ársreikningur Eldum Gott árið 2023
 - v. Ársreikningur Clippers árið 2022
 - w. Ársreikningur Clippers árið 2023
3. Hluthafayfirlit Samkaupa (**Trúnaðarmál**);
4. Yfirlit yfir Heimkaup og dótturfélög (**Trúnaðarmál**);

5. Greining á innkaupasamlegð **(Trúnaðarmál)**;
6. Rekstraráætlun 2028 **(Trúnaðarmál)**;
7. Greining Fossa - Markaðsaðstæður á Suðurnesjum **(Trúnaðarmál)**;
8. Arev – Straumar og stefnur á matvörumarkaði **(Trúnaðarmál)**;
9. Rannís umsókn vegna 2021 **(Trúnaðarmál)**;
10. Umboð frá samrunaaðilum;
11. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum án trúnaðarupplýsinga;
12. Afrit af samrunatilkynningu og fylgiskjölum á stafrænu læsilegu formi; og
13. Afrit af kvittun fyrir greiðslu samrunagjalds.